

# Kynlegar kosningar

Hlutur kvenna á framboðslistum stjórnmaflokka og í umfjöllun  
fjölmiðla í aðdraganda alþingiskosninga 2021.

Birna Stefánsdóttir

September 2021



**KVENRÉTTINDAFÉLAG  
ÍSLANDS**

## Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur</b> .....	<b>4</b>
<b>2. Hindranir fyrir jöfnu kynjahlutfalli á Þjóðþingum</b> .....	<b>5</b>
2.1 Samfélagslegar hindranir .....	7
2.1.1 Kvennahreyfingar skiptu sköpum.....	9
2.2 Kerfislægar hindranir .....	11
2.2.1 Hugmyndafræði stjórn málaflokka.....	13
2.2.2 Kynjakvótar í stjórn málum.....	14
2.3 Menningarlegar hindranir.....	15
2.3.1 Karllæg ímynd stjórn málamannsins .....	17
2.3.2 Karlaslagsíða fjölmiðla.....	18
2.3.6 Tvíeggja sverð samfélagsmiðla .....	23
2.3.7 Kynbundin áreitni í stjórn málum.....	26
<b>3. Hlutur kvenna í alþingiskosningum 2021</b> .....	<b>27</b>
3.1 Kynjahlutföll á framboðslistum stjórn málaflokka .....	27
3.2 Umfjöllun fjölmiðla endurspeglaði kynjahlutfall oddvita.....	31
<b>4. Fjölpætt jafnrétti í stjórn málum</b> .....	<b>33</b>
4.1 Aldur .....	34
4.2 Þjóðfélagsstaða.....	35
4.3 Hinsegin .....	36
4.4 Þjóðernisuppruni .....	37
4.5 Fötlun .....	39
<b>5. Lokaorð</b> .....	<b>40</b>
<b>Heimildaskrá</b> .....	<b>41</b>

*„En jeg skil ekki, að vera mín á Alþingi gefi tilefni til að álíta, að þessi samkoma sje nokkuð ver skipuð, þótt konur eigi þar sæti. Að stjórnin fari sínu fram hvað sem konur segja, það má vel vera. En konur eru meira en helmingur þjóðarinnar og kjósendanna, – geta orðið helmingur Alþingis, þegar stundir líða, hver veit. Og þá kann að vera, að hæstv. landsstjórn fari að taka tillit til þess, sem konur segja.“ – Ingibjörg H. Bjarnason,.*

## 1. Inngangur

Fyrir hundrað árum var Ingibjörg H. Bjarnason kjörin á Alþingi fyrst kvenna. Vonir voru bundnar við að þar með væri karlamúrinn á Alþingi fallinn en heilli öld síðar er ljóst að sú var ekki raunin heldur reyndist kjör hennar aðeins fyrsta skref í langhlaupi. Margþráð takmark um jafnt kynjahlutfall á meðal þingfólks hefur ekki enn náðst hér á landi þrátt fyrir að Ísland hafi verið leiðandi tákni í kynjajafnrétti í alþjóðasamfélaginu um árabíl.

Í níu klukkustundir þann 26. október árið 2021 virtist þessu sögulega takmarki þó náð. Þegar lokatölur frá alþingiskosningum 2021 voru ljósar laust eftir klukkan níu morguninn eftir kosningar þá komst það í heimsfréttirnar að í fyrsta skipti á Íslandi sem og í Evrópu hefðu konur náð meirihluta á þingi í lýðræðiskosningum. Alls höfðu 33 konur verið kjörnar á þing eða alls 52 prósent þingfólks. Þegar leið á daginn var hins vegar talið aftur í Norðvesturkjördæmi og niðurstöður endurtalningarinnar leiddu til þess að fimm nýkjörnum þingmönnum var skipt út.<sup>1</sup> Þar á meðal voru þrjár konur og í stað þeirra komu þrír karlar sem felldu meirihluta kvenna. Í kjölfarið þurfti að leiðrétta fréttir víða um heim og allir fimm frambjóðendur sem misstu sætið sitt kærðu kosningarnar en í nóvember 2021 staðfesti Alþingi að endurtalningin í Norðvesturkjördæmi gildi. Þrátt fyrir að konur hafi ekki endað í meirihluta á þingi eftir alþingiskosningarnar 2021 þá voru niðurstöður kosninganna mikið stökk í hlutfalli kvenna á þingi. Hlutfall kvenna á Alþingi fór úr 38% í kosningunum 2017 í 47,6% árið 2021.

Í fyrsta kafla þessarar skýrslu er skoðað hvaða hindranir hafa staðið í vegi fyrir jöfnu kynjahlutfalli í stjórnmálum hér á landi. Skoðaðar eru félagslegar, efnahagslegar, kerfislægar og menningarlegar hindranir. Í öðrum kafla skýrslunnar er fjallað um kynjahlutfall á framboðslistum stjórnmálaflokka í aðdraganda alþingiskosninga 2021 en röðun á framboðslista er ein af þeim af þeim kerfislægu og menningarlegu hindrunum sem staðið hafa í vegi fyrir auknum hlut kvenna á þjóðþingum. Í aðdraganda alþingiskosninganna var kynjahlutfall á framboðslistum stjórnmálaflokkanna mikið til umræðu innan flokka sem og í fjölmiðlum. Konur leiddu nær helming allra þeirra framboðslista sem buðu fram í öllum kjördæmum eða alls 47 prósent oddvitasæta. Til samanburðar voru konur 37 prósent oddvita í alþingiskosningunum árið 2017 sem og í kosningunum 2016.

Í þriðja kafla skýrslunnar er fjallað um niðurstöður meginleugar rannsóknar sem framkvæmd var við gerð skýrslunnar en hún fólst í því að kannað var hversu oft fjallað var um frambjóðendur í oddvitasætum í íslenskum fjölmiðlum síðustu tvær vikurnar fyrir alþingiskosningar 2021. Þá var skoðað hvort að munur var á tíðni umfjöllunar eftir kyni oddvita. Ákveðið var kanna þetta í ljósi þess að alþjóðlegar og evrópskar rannsóknar hafa sýnt að lítil eða skökk umfjöllun um konur í fjölmiðlum hefur neikvæð áhrif á vilja kvenna til að bjóða sig fram í kosningum og velgengi þeirra í kosningum. Rannsóknir hafa jafnframt sýnt að aukinn umfjöllun um konur í framboði getur stuðlað að því að fleiri konur eru kjörnar.

Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að fjölmiðlaumfjöllun um konur í oddvitasætum framboðslista stjórnmálaflokkanna reyndist 47 prósent af heildarumfjöllun fjölmiðla um oddvita flokkana síðustu tvær vikurnar fyrir kosningar. Það er áhugaverð niðurstaða þar sem hún endurspeglar kynjahlutfall oddvita í framboði. Jafnframt er niðurstaða rannsóknarinnar breyting frá fyrri rannsóknum um umfjöllun fjölmiðla um stjórnmálakonur á Íslandi en hátt hlutfall kvenna í oddvitasætum í kosningunum 2021 gætu skýrt breytingarnar sem og hátt hlutfall þingkvenna í oddvitasætum.

Í fjórða kafla skýrslunnar er fjallað um fjölbætt jafnrétti í stjórnmálum. Hlutfall kvenna á Alþingi færðist mjög nærri því að endurspeglar hlutfall kvenna í íslensku samfélagi eftir alþingiskosningarnar 2021. Aftur á móti er ljóst að kjörið þingfólk endurspeglar þó með litlu móti fjölbreytileika samfélagsins. Í kosningunum 2021 hallaði verulega á frambjóðendur úr minnihluta- og jaðarhópum á framboðslistum stjórnmálaflokkanna og af þeim sem voru á lista rötuðu fáir í hin svokölluðu öruggu sæti á framboðslistum flokkanna. Í fimmta og síðasta kaflanum eru niðurstöður og takmarkanir skýrslunnar dregnar saman og ræddar í lokaorðum skýrslunnar.

## **2. Hindranir fyrir jöfnu kynjahlutfalli á þjóðþingum**

Síðustu áratugi hafa baráttufólk og fræðimenn fært rök fyrir því hvers vegna það sé mikilvægt að stuðla að jöfnu kynjahlutfalli í stjórnmálum. Þeim rökum hefur meðal annars verið skipt upp í réttlætis- og nytjarök.<sup>2</sup> Réttlætisrökin snúa að því að það sé ekki réttlátt eða sanngjarnt að konur og kynsegin fólk hafi ekki sama aðgang að valda- og áhrifastöðum og karlar. Þessi rök liggja að baki fyrstu jafnréttislögum sem samþykkt voru hér á landi árið 1976 og kvennasáttmála Sameinuðu þjóðanna (CEDAW) frá árinu

1979 þar sem kveðið er á um að aðildarríki „skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að afnema mismunun gagnvart konum á stjórnmalavettvangi og opinberum vettvangi í landinu“.<sup>3</sup> Enn fremur er tekið fram í sáttmálanum að aðildarríki eigi að: „breyta félagslegum og menningarlegum venjum sem styrkja hefðbundnar staðalímyndir af konum og hlutverkum kynjanna.“<sup>4</sup> Ísland undirritaði kvennasáttmálann 1980 og var hann fullgiltur af Alþingi árið 1985.

Undir réttlætisrök falla einnig þau sjónarmið að kjörnir fulltrúar í lýðræðisríkjum eigi að vera þverskurður af samfélaginu og því sé þátttaka allra kynja grundvallaratriði til að auka lögmæti stjórnvaldsákvæðanna. Stjórnmaláfræðingurinn Anne Phillips er ein af þeim sem fjallað hefur um þetta í bók sinni *The Politics of Presence* (1995) þar sem hún segir að kynjaskekkja í stjórnmálum sé merki um ófullburða lýðræði og að slík skekkja geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir lögmæti pólitískra stofnana.<sup>5</sup>

Nytjarökin snúa að því að samfélagið megi ekki við því að verða af mannauði kvenna og það að útiloka helming mannkyns frá opinberum valdastöðum leiði á endanum til taps fyrir samfélagið allt.<sup>6</sup> Þá er jafnframt talið að aukinn fjölbreytileiki í stjórnmálum leiði til betri ákvarðanatöku og stefnumótunar, þar sem fulltrúar móta stefnu stjórnvalda og því er mikilvægt að hafa fulltrúa úr ólíkum þjóðfélagshópum. Heimspekingurinn John Burnheim fjallaði um þessi sjónarmið í bók sinni *Is Democracy Possible?* (2006) en þar færir hann rök fyrir því að samband sé á milli uppruna og ákvarðana. Telur Burnheim að stjórnmálamaður úr ákveðnum þjóðfélagshópi sé líklegri til standa vörð um þau mál sem varða þann hóp en ótengdur stjórnmálamaður.<sup>7</sup> Ingibjörg H. Bjarnason, fyrsta þingkona Íslands, snerti á þessu í ávarpi til kjósenda um hlutverk sitt á Alþingi árið 1922: „... mun ég álíta mig komna þangað til þess að gæta hagsmuna þjóðar minnar, svo sem ég best veit – til að fylgja því sem flestum má að gagni koma á sameiginlegu þjóðarheimili karla og kvenna. En auðvitað býst ég við að þau mál gætu komið fyrir, að ég sérstaklega yrði að gæta hagsmuna kvenna.“<sup>8</sup>

Rannsóknir hafa sýnt fram á að aukinn hlutur kvenna í stjórnmálum breytir því hvaða lög eru lögð fram og samþykkt á þjóðþingum. Rannsókn á áhrifum kvenna á þingi í nýu OECD löndunum á tímabilinu 1960 til 2005 sýndi til að mynda fram á að konur voru líklegri til að styðja og leggja fram mál sem varða konur en karlar. Nokkrar bandarískar rannsóknir framkvæmdar á árunum 1980 til 2000 komust einnig að sömu niðurstöðu.<sup>9</sup>

Sænski stjórn málafræðingurinn Drude Dahlerup hefur sett fram kenningu um hvert sé lágmarkshlutfall einhvers hóps, til að mynda kvenna, til að breyta ráðandi viðhorfum í lagasetningu. Samkvæmt henni er lágmarkshlutfall 30/70 til þess að hafa raunveruleg áhrif.<sup>10</sup> Mörg lönd hafa farið þá leið að fella kynjakvóta í stjórn málum í landslög eða í stjórnarskrá. Hér á landi hefur krafa um lágmarkshlutfall í stjórn málum ekki verið færð í lög, en íslenskar konur náðu þessu lágmarkshlutfalli þingmanna samkvæmt kenningu Dahlerup árið 1999.

Þrátt fyrir margra áratuga baráttu, fjölda lagasetninga og óteljandi fræðigreinar sem kveða á um mikilvægi þess að auka hlut kvenna í stjórn málum, þá er raunin sú að það hallar enn á konur á þjóðþingum víðast hvar í heiminum. Ástæður þessarar skekkju eru margvíslegar og birtast með mismunandi hætti eftir tímaskeiðum, löndum og aðstæðum en þeim hefur meðal annars verið skipt upp í þrjá flokka. Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir fjalla um þá þrjá flokka og skýringar fræðimanna fyrir lágu hlutfalli kvenna á þjóðþingum í greininni „Kynjaskekkja í stjórn málum“ sem birt var árið 2009. Fyrsti flokkurinn er félagslegar og efnahagslegar ástæður en í þeim flokki má til dæmis finna atvinnuþátttöku, menntunarstig og pólitísk réttindi. Annar flokkurinn er kerfislægar ástæður svo sem kosningakerfið og vinnumenning stjórn mála flokkana og loks menningarlegar ástæður á borð við staðalímyndir stjórn mála fólks.<sup>11</sup> Þessir þrjú flokkar verða skoðaðir í þessum öðrum kafla skýrslunnar.

## 2.1 Samfélagslegar hindranir

Félagslegar og efnahagslegar ástæður er eitt af því sem talið er að hafa áhrif á hlut kvenna í stjórn málum. Þar veða þungt atvinnuþátttaka og menntun en einnig þættir á borð við opinbera dagvistun barna, rétturinn til fæðingarorlofs og virkni kvennahreyfinga. Á Íslandi hefur atvinnuþátttaka kvenna verið minni en atvinnuþátttaka karla frá upphafi mælinga en þó há samanborið við aðrar þjóðir. Árið 1920 var atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi aðeins um 35% en jókst gífurlega á árunum 1960 til 1980 og fór í 65% árið 1981. Árið 1991 var atvinnuþátttaka kvenna komin í 75% og árið 2018 í 78%.<sup>12</sup> Þá mælist Ísland með fjórða minnsta kynjabil allra þjóða þegar að kemur að efnahagslegri þátttöku í samantekt Alþjóðaefnahagsráðsins.<sup>13</sup>

Menntunarstig kvenna hefur jafnframt lengi verið hátt hér á landi og eru nú fleiri konur en karlar með háskólamenntun, eða um helmingur kvenna á aldursbilinu 25 til 64 ára árið 2017 samanborið við tæplega 35% karla.<sup>14</sup> Haukur Arnþórsson, stjórnsýslufræðingur, tók saman menntunarstig alþingisfólks í bókinni *Um Alþingi* (2019) en samkvæmt rannsóknum hans voru konur að meðaltali með meiri menntun en karlar á þingi. Árið 2018 höfðu 90% þingkvenna háskólamenntun samanborið við 73,6% þingkarla.<sup>15</sup>

Þessi háa atvinnuþátttaka og menntunarstig kvenna hefur ekki enn leitt til þess að konur séu til jafns við karla í áhrifastöðum í íslensku samfélaginu, hvorki hjá hinu opinbera né einkageiranum. Ekki hefur enn náðst jafnt kynjahlutfall á þingi né í sveitarstjórn, eftir síðustu alþingiskosningar árið 2021 voru konur 47,6% þingfólks og eftir sveitastjórnarkosningar árið 2018 voru konur 47,1% kjörinna fulltrúa.

Jöfnu kynjahlutfalli hefur hins vegar verið tvisvar sinnum náð í ríkisstjórnnum landsins. Í ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur, sem jafnframt var fyrsti kvenforsætisráðherra Íslands, sátu fimm konur og fimm karlar frá árinu 2009. Eftir ríkisstjórn Jóhönnu hafa karlar verið í meirihluta í ríkisstjórnnum fyrir utan ríkisstjórn Sigurðar Inga Jóhannssonar sem státaði af jöfnu kynjahlutfalli, en lifði einungis frá 2016 til 2017. Í heildina hefur 31 kona gegnt ráðherraembætti frá árinu 1904 eða alls 24% ráðherra. Þá hafa einungis tvær konur gegnt embætti forsætisráðherra sem og fjármálaráðherra en hvor þeirra sat aðeins sem fjármálaráðherra í eitt ár.<sup>16</sup>

Haukur Arnþórsson benti á í bók sinni *Um Alþingi* að þinggreynsla geti haft áhrif á líkur á ráðherrasæti. Á fyrri hluta tímabilsins 1991 til 2018 var þinggreynsla þingfólks að jafnaði um tíu ár á fyrri hluta tímabilsins, ellefu ár hjá körlum og rúmlega sjö hjá konum. Haukur bendir á að meðalþinggreynsla breyttist ekki verulega fyrir en eftir kosningarnar 2009 þegar nýliðun varð mikil á Alþingi, þegar reynslan lækkaði niður í 6,8 ár og svo enn frekar árið eftir kosningarnar 2016 þegar hún var 4,6 ár. Árið 2018 var meðalþinggreynsla þingfólks 5,6 ár eða um helmingi styttri en í upphafi 20. aldarinnar og eru konur í dag með að meðaltali 1,4 ára styttri þingreynslu en karlar.<sup>17</sup>

Konur hafa sögulega borið skertan hlut frá borði í æðstu stöðum sveitarfélaga. Frá árinu 1908 hafa 22 einstaklingar gegnt embætti borgarstjóra í Reykjavík. Fyrsta konan til að gegna embættinu var Auður Auðuns og var hún settur borgarstjóri árið 1959 ásamt Geiri Hallgrímssyni. Hún var jafnframt fyrst kvenna til að gegna ráðherraembætti en hún var skipuð dóms- og kirkjumálaráðherra árið 1970. Ísland var langt á eftir hinum Norðurlöndunum, en til samanburðar var fyrsta konan sem gegndi



embætti ráðherra í Danmörku kosin 1924 og í Svíþjóð árið 1947. Eftir að Auður var kjörin hafa einungis þrjár konur gegnt borgarstjóraembættinu.

Í áhrifastöðum innan stjórnsýslunnar hallar einnig á konur en konur voru 36% framkvæmdastjóra sveitarfélaga í byrjun árs 2019 og tæp 42 prósent forstöðumanna ríkisstofnana. Staðan er ekki betri í einkageiranum hér á landi en hlutfall kvenna af framkvæmdastjórum fyrirtækja var 22 prósent árið 2017. Þá voru konur 24 prósent meðal stjórnarformanna og 26 prósent stjórnarmanna.<sup>18</sup>

### 2.1.1 Kvannahreyfingar skiptu sköpum

Stærð og staða kvannahreyfingarinnar á Íslandi hefur verið nefnd sem áhrifaþáttur fyrir batnandi stöðu kvenna í stjórnámálum. Skipulögð barátta félagasamtaka og grasrótarhópa fyrir kvenréttindum og kynjajafnrétti hefur drifið áfram flest ef ekki öll þau kvenréttindi sem lögfest hafa verið hér á landi. Má þá líta til sérstakra kvannaframboða sem kvannahreyfingin efndi til við upphaf tuttugustu aldarinnar og upphaf níunda áratugarins sem var ein forsenda þess að konum fjölgaði á Alþingi á 20. öldinni.

Kvenréttindafélag Íslands var stofnað árið 1907 en markmið félagsins var að vinna að því að íslenskar konur öðluðust fullt stjórnmalajafnrétti á við karlmenn. Barátta þeirra, auk annara félaga, varð til þess að Íslendingar voru á meðal fyrstu þjóða til að samþykkja almennan kosningarétt kvenna árið 1915 og fullan kosningarétt 1920.<sup>19</sup> Auk þess átti félagið þátt í því að tryggja konum rétt til menntunar og atvinnu. Félagið var stofnað á heimili Bríetar Bjarnhéðinsdóttur sem var einn helsti forsprakki fyrstu bylgju kvannahreyfingarinnar hér á landi. Bríet var jafnframt í forsvari fyrir þeim fimm kvenfélögum sem stóðu fyrir fyrsta kvannaframboði Íslands til bæjarstjórnarkosninga í Reykjavík árið 1908. Kvannaframboðið kom öllum fjórum konum listans að í bæjarstjórn, þar á meðal var Bríeti sem hún sat í bæjarstjórn í rúman áratug.<sup>20</sup>

Auður Styrkárdsóttir stjórnmalafraeðingur skoðaði sögu og áhrif kvannalista í doktorsritgerð sinni árið 1998 og hún greinir frá því að eitt aðaleinkenni íslenskrar kvannahreyfingar sé áherslan á stjórnmalafraeðingur. Í ritgerðinni kemur fram að kvannalistar á Íslandi hafi sérstöðu fyrir að vera umfangsmeiri og árangursríkari en

sambærilegir listar í öðrum löndum.<sup>21</sup> Fyrsta konan til að taka sæti á Alþingi, Ingibjörg H. Bjarnason, var kjörin af sérstökum kvennalista árið 1922.

Þrátt fyrir að stór skref hafi verið tekin í kvennabaráttunni á fyrstu áratugum 20. aldarinnar tók langan tíma að fjölga konum á þingi og á tímabilinu 1922 til 1982 sátu í heildina aðeins tólf konur á Alþingi og voru aldrei fleiri en þrjár í einu eða 5% þingfólks.<sup>22</sup> Á þessu sama tímabili var skipulögð barátta fyrir kvenréttindum í ákveðnum dvala en breyting varð á því þegar Rauðsokkahreyfingin spratt fram á sjónarsviðið árið 1970 og vakti mikil viðbrögð og víðtæka vitundarvakningu á meðal landsmanna. Þegar níundi áratugurinn gekk í garð vakti kvenréttindabarátta íslenskra kvenna heimsathygli þegar Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti Íslands og varð þar með fyrsta kona heims til að vera kosin forseti í almennum kosningum. Kjör Vigdísar varð mikið vogarafl í kvennabaráttunni hér á landi og árið 1982 voru Samtök um kvennaframboð stofnuð og bauð fram í sveitarstjórnarkosningum í Reykjavík og á Akureyri. Í kjölfarið var Kvennalistinn stofnaður og bauð fram til Alþingis 1983 og fékk þrjár konur kjörnar. Það árið fjölgaði konum á þingi, úr þremur konum í níu, og hlutfall kvenna fór úr 5% í 15%.

Kvennalistinn vakti athygli á útilokun kvenna á framboðslistum annarra stjórn mála flokka og í kjölfarið fjölgaði konum í öðrum flokkum. Hluttur kvenna jókst því hægt og bítandi í kosningunum sem á eftir komu. Í kosningunum 1999 tók hlutfall kvenna aftur stökk, úr 25% í 35%, og mátti það að miklu leyti rekja til góðs gengis nýstofnaðar Samfylkingar sem varð til úr sameiningu Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokksins, Kvennalistans og Þjóðvaka. Samfylkingin náði inn 9 konum og 8 körlum á þing það árið. Óhætt er því að segja að kvennaframboð höfðu mikil áhrif á hlutfall kvenna á Alþingi á 20. öldinni.

Á 21. öldinni hefur kvennaframboð ekki litið dagsins ljós og í kosningunum árið 2003 lækkaði hlutfall kvenna niður í 30% og eftir kosningarnar 2007 voru konur á þingi 32%. Í skugga efnahagshrunsins varð áhersla á kynjajafnrétti fyrirferðamikil og í kjölfar kosninga 2009 snarhækkaði hlutfall kvenna á þingi og þær urðu 43% þingheims. Eftir alþingiskosningarnar árið 2016 hlutu konur 47,6% þingsæta og höfðu þær aldrei verið fleiri á Alþingi. Ári síðar kom upp alvarlegur trúnaðarbrestur í ríkisstjórnarsamstarfi Bjartrar framtíðar, Sjálfstæðisflokksins og Viðreisnar, sem rekja mátti til kvenna sem höfðu hátt um kynferðisbrot gegn börnum. Í kjölfarið var kosið að

nýju í september 2017 og í þeim kosningum fækkaði konum um 9,5% á Alþingi og konur hlutu aðeins um 38,1% þingsæta í þeim kosningum.

Fyrir kosningarnar 2017 var Ísland í fjóra sæti á lista Alþjóðþingmanna-sambandsins fyrir hátt hlutfall kvenna í þjóðþingum 193 landa. Eftir kosningarnar 2017 féll Ísland niður í 18. sæti og fyrir kosningar 2021 vermdi Ísland 25. til 26. sæti listans. Þetta sæti á lista er á skjön við stöðu Íslands á öðrum alþjóðalistum yfir kynjajafnrétti þar sem Ísland er oftast í efstu fimm sætunum, má þar til dæmis nefna að síðustu tólf ár hefur Ísland verið efst þjóða á lista Alþjóðæfnahagsráðsins um kynjajafnrétti.<sup>23</sup> Vakti Alþjóðþingmannasambandið athygli á þessu hrúni í árlegri skýrslu sinni um stöðu kvenna á þjóðþingum og benti á að þessi úrslit væru mesta hrún í kynjahlutfalli á þjóðþingi árið 2017.<sup>24</sup>

## 2.2 Kerfislægar hindranir

Kerfislægar hindranir er annar flokkur ástæðna sem nefndar hafa verið til að skýra skertan hlut kvenna á þjóðþingum. Á meðal kerfislægra hindranna eru kosningakerfi en samkvæmt rannsóknum geta þau skipt sköpum fyrir árangur kvenna í stjórnámálum. Innan þeirra skipta síðan uppstilling á lista, stærð kjördæma og ýmislegt fleira máli. Rannsóknir hafa sýnt fram á að hlutfallskosningakerfi reynist konum heillavænlegri en meirihlutakerfi.<sup>25</sup> Í hlutfallskerfi öðlast stjórn mála flokkar þingsæti í samræmi við þau atkvæði sem hver framboðslisti fær í hverju kjördæmi fyrir sig. Því fleiri atkvæði sem listinn fær því fleiri fulltrúar listans ná kjöri. Í meirihlutakerfi vinnur sá frambjóðandi eða framboðslisti sem fær flest atkvæði á tilteknu svæði eða í tilteknu kjördæmi.<sup>26</sup>

Á Íslandi er notast við hlutfallskosningar í alþingiskosningum og flestum sveitarstjórnarkosningum. Í hlutfallskosningakerfi skiptir máli hvernig flokkar velja á framboðslista, þar sem því ofar sem fulltrúar sitja á lista því líklegra er að þeir hljóti kjör. Þetta á sérstaklega við þegar margir flokkar eru í framboði í hverju kjördæmi því þá dreifast atkvæðin víðar sem þýðir að færri komast inn fyrir hvern framboðslista. Hér á landi notast flokkar ýmist við prófkjör eða uppstillingarnefndir við val á frambjóðendum á lista. Í prófkjörum hefja frambjóðendur sama flokks kosningabaráttuna með því að keppa innbyrðis. Prófkjör hér á landi geta bæði verið

opin, sem þýðir að allir kjósendur geta tekið þátt í kjörinu, eða lokuð þar sem aðeins skráðir flokksmenn geta kosið.

Svanur Kristjánsson og Auður Styrkársdóttir könnuðu árið 2001 hvort framboðsaðferðir hefðu áhrif á velgengi kvenna í sveitarstjórnarkosningum árið 1998 og alþingiskosningum árið 1999. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að konum gekk ekki verr en körlum í prófkjörum í aðdraganda þessa kosninga, en færri konur tóku jafnframt þátt í prófkjörunum en karlar.<sup>27</sup> Í niðurstöðum rannsóknar Indriða H. Indriðasonar og Ásdísar Jónu Sigurjónsdóttur á prófkjörum á Íslandi á árunum 1970 til 2007 kom einnig fram að færri konur bjóða sig fram í prófkjörum hér á landi en karlar. Enn fremur komust Indriði og Ásdís að því að almennt er jafn líklegt að konur fái stuðning í þau sæti á framboðslista sem þær sæktust eftir eins og karlar, að undanskildum forystusætum framboðslistanna. Í rannsókninni fundu þau ýmsar vísbendingar um að konur væru líklegri til að bíða í lægra hlut en karlar þegar að kom að oddvitasæti framboðslistanna.<sup>28</sup>

Haukur Arnþórsson bar saman sætisnúmer kynjanna á framboðslistum stjórn málaflokka á tímabilinu 1991 til 2018. Rannsókn hans sýndi að konur voru nálægt því að vera 4,5 sætum neðar á framboðslistum en karlar að jafnaði í upphafi 10. áratugarins. Munurinn fór þó minnkandi þegar ný öld gekk í garð og voru konur að meðaltali hálfu öðru sæti neðar en karlar á öllu tímabilinu. Haukur bendir þó á að mismunurinn á tímabilinu nær ekki yfir alla línuna heldur skýrist af umtalsvert lægri sætum kvenna hjá Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum sem og lægri sætum kvenna á landsbyggðinni.<sup>29</sup>

Rannsóknir hafa jafnframt sýnt að stærð kjördæma skiptir máli fyrir velgengi kvenna. Því minni sem kjördæmi eru, þeim mun erfiðara er fyrir konur að ná kjöri.<sup>30</sup> Stjórn málafræðingarnir Svanur Kristjánsson og Auður Styrkársdóttir könnuðu þessa breytu í rannsókn sinni árið 2001 sem og stærð flokka/framboða. Niðurstöður þeirra sýndu að megingtilhneigingin er sú að eftir því sem kjördæmin voru stærri, því mun meiri líkur voru að konur séu í svokölluðum öruggum sætum á framboðslistum flokkana. Sama má segja um stærð framboða, því minni sem framboð voru, því minni líkur voru að konur væru í öruggum sætum. Hvoru tveggja er þó ekki einhlítt, en Sjálfstæðisflokkurinn er dæmi um stóran flokk með lágt hlutfall kvenna samanborið við minni flokka. Meginniðurstaða Svans og Auðar í þessari rannsókn var að að

pólítískur vilji í forystu flokkanna skipti meginmáli en að ástæðurnar fyrir skertum hlut kvenna væru jafnframt margþættar.<sup>31</sup>

### 2.2.1 Hugmyndafræði stjórnmalaflokka

Hugmyndafræði stjórnmalaflokka er nefnd sem ein af þeim kerfislægu hindrunum sem getur haft áhrif á kynjahlutfall á þjóðþingum. Hugmyndafræði getur haft áhrif á hvort að tiltekinn flokkur sé líklegur til að velja kvenkyns frambjóðendur til forystu og hvort að flokkurinn höfði til kjósenda sem láta kynferði frambjóðanda sig varða. Haukur Arnþórsson sýndi fram á í bók sinni *Um Alþingi* að vinstri flokkar hafa í gegnum tíðina stutt kynjajafnrétti í meira mæli en aðrir flokkar og eru þeir jafnframt líklegri til að skarta fleiri konum í efstu sætum á framboðslistum.<sup>32</sup> Velgengni slíkra flokka í kosningum getur því haft beint áhrif á kynjahlutföll á þjóðþingum. Að sama skapi hafa rannsóknir sýnt að kvenráðherrum fjölga þegar vinstri flokkar og miðjuflokkar eru við stjórn. Má til að mynda nefna að ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur árið 2009 skartaði langhæsta hlutfall kvenráðherra í sögu Íslands og var hún jafnframt fyrsta konan til að gegna embætti forsætisráðherra hér á landi.

Þá hefur sterk staða Sjálfstæðisflokksins haft áhrif á framgang kvenna í stjórnmalum hér á landi en í heildina hefur hann staðið sig verst af öllum flokkunum þegar að kemur að tryggja hlutfall kvenna. Í rannsókn Hauks kemur fram að á tímabilinu 1991 til 2018 voru konur aðeins 27% af þingmannafjölda flokksins. Sjálfstæðisflokkurinn hefur setið í ríkisstjórn rúmlega þriðjung lýðveldistímans og hefur staða kvenna í flokknum því mikil áhrif á heildarhlutfall kvenna í stjórnmalum.<sup>33</sup> Næstlengst í ríkisstjórn á lýðveldistíma hefur setið Framsóknarflokkurinn, en sá flokkur hefur sögulega heldur ekki staðið sig nægilega vel í að fjölga konum í efstu sætum framboðslista flokksins. Hjá Framsóknarflokknum voru konur í rúmlega fimm lægri sætum en karlar á framboðslista flokksins í kosningunum 2016 og fjórum sætum lægri í kosningum 2017, samkvæmt rannsókn Hauks.<sup>34</sup>

Benda Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja á í grein sinni „Kynjaskekkja í stjórnmalum“ að þessi tilhneiging vinstri stjórna birtist einnig í fjölda kvenna á þingi í sósíalísku ríkjum í Austur-Evrópu.<sup>35</sup> Þorgerður og Guðbjörg Lilju áréttar þó á í grein sinni að að þótt vinstri flokkar leggi að jafnaði meiri áherslu á jafnrétti en hægri flokkar þá sé pólítísk hugmyndafræði engin trygging fyrir völdum til kvenna. Þær benda á að

stjórnmalaflokkar beri ekki aðeins ábyrgð á hugmyndafræði flokks síns heldur einnig starfsumhverfi.<sup>36</sup>

### 2.2.2 Kynjakvótar í stjórnmalum

Margir stjórnmalaflokkar styðjast við uppstillingarnefndir í stað prófkjöra þegar velja á frambjóðendum á lista. Eitt af því sem slíkar nefndir hafa notað við uppstillingu á lista eru kynjakvótar. Alþjóðþingmannasambandið hefur lýst því yfir að kynjakvótar séu lyklatríði ef markmiðið þjóða er að fjölga konum á þingi. Í nýlegri skýrslu sambandsins kemur fram að 81 þjóðríki hefur lögleitt kynjakvóta í kosningum, sum þeirra með ákvæðum í kosningalögum og önnur í stjórnarskrá. Í skýrslunni kemur fram að fjöldi þingkvenna í löndum sem ekki hafa innleidd kynjakvóta sé mun lægri en í löndum sem hafa innleitt slíkan kvóta.<sup>37</sup>

Á Íslandi hafa lög um kynjakvóta í stjórnmalaflokkum eða kosningum ekki verið innleidd. Ný kosningalög voru samþykkt á Alþingi í júní 2021 og var þar ekki minnst á hlutfall kynjanna. Kvenréttindafélag Íslands skilaði inn umsögn um frumvarp að þeim lögum og skoraði á Alþingi að setja ákvæði í kosningalög um jöfn kynjahlutföll og uppröðun kynjanna á framboðslistum í alþingis- og sveitastjórnarkosningum, þar sem hlutur kvenna sé aldrei lægri en 40% og kynjahlutföll jöfn í oddvitastöðum. Í umsögninni sagði Kvenréttindafélagið að æskilegast hefði verið að allir stjórnmalaflokkar hefðu sjálfir sett sér reglur í sínu starfi til að tryggja hlut kvenna við uppröðun á framboðslistum sínum en þar sem svo væri ekki raunin sé „kominn tími til að Alþingi taki af skarið og setji lög sem skyldi stjórnmalaflokka sem bjóða fram til Alþingis og sveitarstjórna að setja sér reglur sem tryggja hlut kvenna á framboðslistum sínum og jöfn kynjahlutföll í oddvitastöðum.“<sup>38</sup>

Aðeins fjórir flokkar sem sátu Alþingi á kjörtímabilinu 2017 til 2021 settu sér reglur til að tryggja jöfn kynjahlutföll á Alþingi, Framsóknarflokkurinn, Samfylkingin, Viðreisn og Vinstrihreyfingin – grænt framboð. Hinir fjórir flokkarnir sem sátu á Alþingi á tímabilinu settu sér ekki samsvarandi reglur.<sup>39</sup>

Alþingi hefur þó bætt við ákvæði í þingskapalög sem kveða á um jöfn kynjahlutföll í nefndum og stjórnnum á vegum þingsins, þar að segja að minnsta kosti 40/60 hlutfall kvenna og karla þegar fulltrúar eru fleiri en þrír. Í þingskaparlögum er jafnframt kveðið á um að einnig verður leitast við að hafa sem jafnast kynjahlutfall í

nefndum innan þingsins.<sup>40</sup> Hver flokkur skipar hins vegar sína flokksmenn í fastanefndir og forsætisnefnd þingsins og fer kynjahlutfall þeirra nefnda því eftir kynjahlutfalli flokkana sjálfra. Kynjahlutföll í efstu sætum á framboðslistum stjórn málaflokkana hafa því áhrif á hversu jöfn kynjahlutföllin eru í nefndum Alþingis. Í ágúst 2021 uppfylltu fimm af átta fastanefndum Alþingis ekki þau tilmæli að minnst 40% nefndarmanna ættu að vera konur og til að mynda einungis ein kona í níu manna fjárlaganefnd eftir alþingiskosningar 2017.<sup>41</sup>

### 2.3 Menningarlegar hindranir

Þriðji og síðasti flokkur hindrana sem standa í vegi fyrir auknu hlutfalli kvenna á þjóðþingum eru menningarbundnir þættir. Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartadóttir halda því fram í grein sinni „Kynjaskekkja í stjórn málum“ að menningarbundnir þættir hafi mikil áhrif á þátttöku og framgang kvenna í stjórn málum hér á landi. Á meðal slíkra þátta eru hugmyndir um hlutverk kynjanna og hin hefðbundna ímynd stjórn málamannsins. Þá benda þær á að einnig hafi það áhrif að karlar fái meiri umfjöllun í fjölmiðlum en konur og þá staðreynd að konur fái tvíbent skilaboð um hlutverk sitt og erindi í stjórn málum. Í þessum kafla verða nokkrir af þessum menningarbundnu þáttum skoðaðir, þar á meðal hugmyndir um hefðbundin kynjahlutverk, ímynd hins dæmigerða stjórn málamanns, viðhorf til jafnréttismála og kynbundin fjölmiðlaumfköllun.

Hefðbundnar staðalímyndir um kyn hafa verið nefnd sem ein af þeim menningarlegu hindrunum sem standa í vegi fyrir framgangi kvenna í stjórn málum. Slíkar staðalímyndir má rekja til kynjatvíhyggjunnar (e. gender dualism) sem byggir á eðlishyggju (e. essentialism) og gengur út frá því að einungis séu til tvö kyn. Eðlishyggja er kenning sem gengur út á að karlkyn og kvenkyn séu á sitthvorum pólum og að hegðun kynjanna megi rekja til þeirra kynfæra sem einstaklingar fæðast með. Innan eðlishyggjunnar eru eiginleikar karla og kvenna því eðlislægir og óumbreytanlegir og þeim er stillt upp á móti hvort öðru eins og skynsemi og tilfinningar, líkami og hugur, karlmennska og kvenleiki. Karlmennskan og karlar eru viðmiðið innan eðlishyggjunnar og kvenleiki og konur því frávikðið frá venjunni.

Mótunarhyggja (e. constructivism) er andstæða eðlishyggjunnar og hafnar þannig hugmyndum um eðli og hlutverk kynja séu meðfædd og/eða eðlislæg.

Samkvæmt mótunarhyggjunni eru karlmennska og kvenleiki mótuð og viðhaldið af samfélagslegum stofnunum, eins og fjölskyldu, trú, menntakerfinu, ríkinu og fjölmiðlum. Kyngervi (e. gender) er skilgreint sem félagslegt fyrirbæri á meðan kyn (e. sex) er skilgreint sem líffræðilegt fyrirbæri. Kyn vísar þá til þeirra kynfæra sem fólk fæðist með en kyngervi til þeirra félagslega mótuðu eiginleika sem tileinkaðar eru fólki á grundvelli kyns þess.<sup>42</sup>

Hefðbundnar hugmyndir um eiginleika og hlutverk kynjanna í samfélaginu byggja enn að miklu leyti á þessum skilgreiningum eðlishyggjunnar og kynjatvíhyggjunnar. Þessar hugmyndir hafa síðan haft mikil áhrif á þjóðfélög og réttlætt allskyns mismun og misrétti á grundvelli kyns. Þessar hugmyndir eru einnig samtvinnaðar öðrum félagslegum yfirráðakerfum og hafa verið notuð til að mismuna fólki vegna kynþáttar, kynvitundar, stéttarstöðu, trúarbragða, uppruna og kynhneigðar. Þegar þessir þættir blandast saman skapast grundvöllur margþættrar mismununar, þar sem hvítir karlmenn eru í hvað mestri forréttindastöðu.<sup>43</sup>

Félagsfræðingurinn Sylvia Walby setti fram kenningu um kynjakerfi (e. patriarchy) í upphafi 10. áratugarins. Kynjakerfi er kerfi þar sem karlar njóta góðs af því að konur séu kerfisbundið undirskipaðar karlmönnum á hinum ýmsu sviðum, þar á meðal stjórnámálum. Samkvæmt Walby er kynjakerfinu haldið uppi af sex félagslegum sviðum: atvinnulífinu, heimilinu, kynvitund, ofbeldi, ríkinu og menningu. Walby telur kynjakerfið vera samtönnun á tveimur kerfum, annars vegar á einkasviðinu og hins vegar á opinbera sviðinu, sem saman mynda hina kynjuðu samfélagsgerð. Á báðum sviðum eru konur undirskipaðar karlmönnum en sú undirskipun birtist með ólíkum hætti á ólíkum tímum. Í upphafi 20. aldarinnar var meirihluti kvenna heimavinnandi og höfðu konur hvorki borgaraleg né pólitísk réttindi og voru þar með útilokaðar frá opinbera sviðinu. Með tilkomu aukinnar atvinnuþátttöku kvenna telur Walby að kynjakerfið hafi þróast frá því að vera ríkjandi á einkasviðinu yfir í að vera ríkjandi á opinbera sviðinu. Konur börðust fyrir því að vera hleypt inn á opinbera sviðið en þegar þær komust þangað tók á móti þeim kerfi aðskilnaðar og undirskipunin. Sú undirskipun birtist í því að hinu kvenlæga var gert lægra í hlut en hinu karlæga og konur fengu ekki sömu tækifæri og karlar.<sup>44</sup>



### 2.3.1 Karllæg ímynd stjórnámamannsins

Forskot karla í stjórnámum á sér langa sögu og þeir hafa skapað umgjörð stjórnámanna og þær hefðir og venjur sem þar ríkja.<sup>45</sup> Viðmiðið um hvaða kosti stjórnámamaður eigi að búa yfir er enn skilgreint út frá körlum og hefur þar af leiðandi áhrif á framgang kvenna í stjórnámum.<sup>46</sup>

Í doktorsritgerð sinni rannsakaði Sigríður Matthíasdóttir sagnfræðingur hvernig ímyndin um hinn sanna Íslending er samofin hugmyndum um karlmenskuna. Ritgerðin fjallar um hvernig hinn menntaði, hvíti, gagnkynhneigði karlmaður sem tilheyrði miðstétt samfélagsins varð holdgervingur hins dæmigerða íslenska stjórnámamanns. Upp frá því var pólitíska hlutverkið skilgreint úr frá þessari ímynd og kennt við karllæg gildi, sem átti svo stóran þátt í útilokun kvenna frá hinu pólitíska sviði.<sup>47</sup>

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrum þingmaður og ráðherra, fjallar um þessa rannsókn Sigríðar í bók sinni *Mín eigin orð* og segir frá því hvaða áhrif það hefur að karlinn sé enn holdgervingur valdsins á Íslandi. „Það er úr þessum jarðvegi sem við erum sprottin. Þetta er okkar pólitíska menningararfur. Allar götur síðan hefur valdið flust milli karla frá einni kynslóð til annarrar. Það hefur erfst í beinan karllegg og gerir enn.“<sup>48</sup> Þetta rímar vel við aðrar rannsóknir sem hafa sýnt hvernig ímynd hins dæmigerða stjórnámamanns tengist eiginleikum sem kennd hafa verið við karlmenskuna, þar á meðal rökvisi, ágengni, samkeppni og hugrekki. Þessir eiginleikar eru taldir andstæðir svokölluðum kvenlegum eiginleikum sem getur gert það að verkum að bæði eiga konur erfiðara fyrir að máta sig við þá ímynd stjórnámamannsins og fá aðra til að samþykkja sig í hennar stað.<sup>49</sup>

Guðný Gústafsdóttir, Sigríður Matthíasdóttir og Þorgerður Einarsdóttir hafa rannsakað hugmyndir um kvenleika á Íslandi á 20. og 21. öldinni. Þær greina frá því hvernig orðræða um sérstakt eðli kvenna jókst á fyrstu áratugum síðustu aldar, og segja þær að það hafi verið viðbragð við aukinni þátttöku kvenna í stjórnámum. Eðli kvenna átti á þessum tíma fyrst og fremst að felast í því að þær væru mæður og húsmæður og var kvenleikinn skilgreindur sem móðurleiki. Þeir eiginleikar sem þóttu nauðsynlegir til þess að taka þátt í stjórnámum voru frekar karlægir heldur en kvenlægir og að þótt konur gætu ef til vill tekið þátt á því sviði þá var talið að þær myndu una sér betur inn

á heimilinu.<sup>50</sup> Þegar leið á 20. öldina jókst hins vegar vinnumarkaðsþátttaka kvenna og viðhorf breyttust á sama tíma í áttina að auknu jafnræði kynjanna á vinnumarkaði.<sup>51</sup>

Kolbeins Stefánsson rýndi í greininni „Samspil vinnu og heimilis: Álag og árekstrar“ í niðurstöður úr fjölþjóðlegum samanburði á viðhorfi til kynjahlutverka frá árinu 2005, en samkvæmt þeirri rannsókn voru Íslendingar sú þjóð sem hafði hvað hefðbundnasta sýn á óskir kvenna. Bendir Kolbeinn á að þessar niðurstöður sýni að hugmyndir Íslendinga um kynhlutverk séu þversagnakenndar, þar kallast á frjálslýnd viðhorf og djúpstæð eðlishyggja um kynin sem nærir hefðbundin kynhlutverk.<sup>52</sup>

Í rannsókn á stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði frá 2018 kemur fram að karlar eru líklegri en konur til að telja að konur ráði verr við álagið sem fylgir stjórnunarstöðum og að þær hafi síður tækifæri til starfsframa en karlar vegna ábyrgðar á fjölskyldu og börnum. Þá eru karlar einnig líklegri en konur til að álíta að ekki sé til nægur fjöldi hæfra kvenna til að manna stjórnunarstöður. Í rannsókninni kom jafnframt konur eru auk þess töluvert líklegri til að segja kynjakvóta vera heppilega leið til þess að ná fram kynjajafnvægi í stjórnnum fyrirtækja, í framkvæmdastjórnnum fyrirtækja og í atvinnulífinu í heild sinni.<sup>53</sup>

### 2.3.2 Karlaslagsíða fjölmiðla

Fjölmiðlar eru ein af þeim menningarbundnu hindrunum sem staðið hafa í vegi fyrir auknum hlut kvenna á þjóðþingum. Fjölmiðlar eru uppspretta upplýsinga um málefni líðandi stundar fyrir almenning og geta því gegnt lykilhlutverki í mótun hugmynda í hugum almennings. Fræðimaðurinn Maxwell McCombs hefur skoðað tengslin á milli þess hvaða málefni var fjallað um í fjölmiðlum og hvaða málefni almenningur taldi mikilvæg á sama tíma. Niðurstöður hans sýndu að fjölmiðlar hafa veruleg áhrif á skoðun almennings um hvaða málefni séu mikilvæg hverju sinni. Að mati McCombs ráða fjölmiðlar hvaða mál og hvaða einstaklingar enda á dagskrá fjölmiðla og ráða því hvaða almenningur les og sér. Þar af leiðandi geti fjölmiðlar haft áhrif á hvaða málefni almenningi þykja mikilvæg hverju sinni.<sup>54</sup> McCombs hefur einnig rannsakað hvernig stór hluti þeirrar vitneskju sem fólk sankar að sér um frambjóðendur og kosningamál kemur frá fjölmiðlum.

Fjöldi rannsókna hefur sýnt að fjölmiðlaumfjöllun er afar kynbundin, það hallar á konur í umfjöllun fjölmiðla víða um heim og þar á meðal hér á landi. Ekki aðeins er minna fjallað um og rætt við konur í fjölmiðlum en karla heldur fá kynin einnig ólíka umfjöllun. Þetta er raunin enn í dag, þrátt fyrir áralanga kröfu kvennahreyfinga og alþjóðlegra sáttmála um að fjölmiðlar eigi að endurspegla margbreytileika samfélaga, og þar með talið ólík kyn.

Mikilvægi jafnrar aðkomu kynja að fjölmiðlum var opinberlega viðurkennt af Sameinuðu þjóðunum á kvennarráðstefnunni í Peking árið 1995. Á ráðstefnunni var samþykkt framkvæmdaáætlun sem útlistaði aðgerðir til að innleiða kynjajafnrétti á hinum ýmsu sviðum samfélagsins. Í áætluninni var meðal annars lögð áhersla á mikilvægi og ábyrgð fjölmiðla í baráttunni fyrir auknu kynjajafnrétti sem og mikilvægi þess að fjölmiðlar fjalli um kynin á sem jafnastan hátt og forðast að detta í gryfjur staðalímynda kynjanna.<sup>55</sup>

Í framhaldi af ráðstefnunni í Peking var fyrstu fjölmiðlavöktuninni á vegum Global Media Monitoring (GMMP) hrundið í framkvæmd. Vöktunin felst í að fylgjast með kynjahlutföllum og birtingarmyndum karla og kvenna í alþjóðlegum fréttamiðlum í einn tiltekinn dag. Þó að eingöngu einn dagur sé vaktaður, þá sýna niðurstöðurnar þróun yfir tíma sem og alþjóðlegan samanburð. Vöktunin fór fyrst fram árið 1995 og hefur síðan verið framkvæmd á fimm ára fresti. Niðurstöður fyrstu vöktunar GMMP sýndu fram á að konur voru aðeins 17% viðmælanda í heimspressunni. Fimm árum síðar, árið 2000, hafði hlutfallið aukist um 1%. Árið 2005 hafði hlutfall kvenna klifið upp í 21% og svo 24% árið 2010, sama hlutfall og fimm árum síðar. Nýjasta könnun GMMP var birt 2020 og þar er hlutfallið komið upp í 25%.

Ísland er eitt þeirra landa sem samþykkt hafa að framfylgja Pekingáætluninni og tók í fyrsta sinn fullan þátt í vöktun GMMP árið 2010. Kannað var hversu oft var talað við eða fjallað um konur, í hvers konar fréttum og í hvers konar hlutverkum, sem og hver var hlutur fréttakvenna og fréttakarla. Það árið voru konur 28% þeirra sem fjallað var um eða talað var við í fréttum hér á landi. Þetta var rétt yfir heimsmeðaltalinu en lægra en á öðrum Norðurlöndum þar sem hlutfall kvenna í fjölmiðlaumfjöllun var 30 til 33%. Ísland tók aftur þátt í rannsókninni fimm árum seinna og þá voru greindar fréttir í útvarpi og sjónvarpi og á netmiðlum. Þar hafði hlutfall kvenna í fjölmiðlum farið aftur, og aðeins einn af hverjum fimm sem fjallað var um eða rætt var við var

kona. Ef umfjöllun netmiðla er tekin út fyrir sviga, þar sem hún var ekki til skoðunar í vöktun GMMP 2010, þá var hlutfall kvenna í prentmiðlum og ljósvakamiðlum 18% árið 2015. Þetta var jafnframt mun lægra hlutfall en á hinum Norðurlöndunum.

Því hefur verið haldið fram að því fleiri konur sem starfa á fjölmiðlum því meiri verður sýnileiki kvenna í fréttum en svo virðist ekki endilega vera. Frá því að fyrsta GMMP vöktunin var framkvæmd hefur kvenkyns blaðamönnum fjölgað í heiminum en umfjöllun um konur hefur ekki aukist samhliða. Í fjölmiðlavakt GMMP árið 2015 kom fram að tæpur þriðjungur fréttanna í íslenskum fréttamiðlum væri skrifaður eða fluttur af konum og íslenskar fréttakonur væru líklegri en starfsbræður þeirra til að tala við eða fjalla um konur. Í Svíþjóð var hlutfallið mun hærra eða rúmlega 50%, um 40% í Finnlandi en aðeins 30% í Danmörku og Noregi. Konur voru viðmælendur eða umfjöllunarefni í 33% þeirra fréttanna sem blaðakonur birtu í íslenskum fréttamiðlum árið 2015 en í 8% þeirra fréttanna sem skrifaðar voru af körlum.<sup>56</sup>

Auk fjölmiðlavaktar GMMP hafa fjölmargar aðrar rannsóknir sýnt að það hallar á konur í umfjöllun fjölmiðla.<sup>57</sup> Þær rannsóknir sem til eru hér á landi um birtingarmyndir kynjanna í íslenskum fjölmiðlum sýna að líkt og annars staðar í hinum vestræna heimi er hlutur kvenna mun rýrari en karla.

### ***2.3.3 Konur tæplega þriðjungur viðmælanda í íslenskum fjölmiðlum***

Sigrún Stefánsdóttir var fyrst til þess að rannsaka hlutfall kynjanna í fjölmiðlum hér á landi árið 1998. Niðurstöður hennar voru að fyrstu fimm árin í útsendingum Ríkissjónvarpsins voru engin viðtöl tekin við konur.<sup>58</sup> Þegar áttundi áratugurinn reið í garð byrjuðu konur að birtast á íslenskum skjám og árið 1986 voru konur orðnar 13% viðmælanda í sjónvarpsfréttum.

Árið 2001 birti mennta- og menningarmálaráðuneytið skýrslu um kynjaskekkju í fjölmiðlum árið 1999 en samkvæmt henni var hlutur kvenna 32% í útsendu efni.<sup>59</sup> Ráðuneytið birti aftur skýrslu fjórum árum seinna en í henni kom fram að lítið hefði breyst. Konur voru 19% viðmælanda í fréttum Stöðvar 2 og 25% viðmælanda hjá RÚV.<sup>60</sup>

Fjölmiðlavakt CreditInfo skoðaði kynjaða einsleitni í viðmælendum íslenskra fjölmiðla á tímabilinu 2011 til 2016. Á því tímabili var ekki mikil breyting á

kynjahlutfalli viðmælanda í fjölmiðlum en í heildina voru konur tæpur þriðjungur viðmælanda.<sup>61</sup> Sömu hlutföll mátti finna í niðurstöðum könnunar velferðarráðuneytisins og Fjölmiðlavaktarinnar frá árinu 2015 á kyni þeirra viðmælanda sem komu fram í fréttum og völdum fréttapáttum í útvarpi og sjónvarpi á tímabilinu september 2014 til 2015. Konur voru 32% viðmælanda í þáttum í heild sinni og 30 prósent viðmælanda í fréttum, samkvæmt könnuninni.<sup>62</sup>

Íslenskir fjölmiðlar eru skyldugir samkvæmt lögum til að vinna að kynjajafnrétti og koma sjónarmiðum kvenna og karla jafnt á framfæri. Íslenskir fjölmiðlar eiga jafnframt að skila árlega skýrslu til fjölmiðlanefndar um birtingarmyndir kynjanna í umfjöllunum sínum, þar með talið er hlutfall karla og kvenna í hópi viðmælanda í fréttum og fréttu tengdu efni. Auk þess eiga þeir að skýra hvernig aðgerðir fjölmiðla veitunnar vinni gegn staðalímyndum kynjanna samkvæmt fjölmiðlalögum. Þrátt fyrir þessa lagalegu skyldu, virðist ekki hafa tekist að saxa á karllæga kynjaslagsíðu íslenskra fjölmiðla.<sup>63</sup>

#### ***2.3.4 Minni umfjöllun um stjórnmalakonur***

Alþjóðlegar og evrópskar rannsóknir hafa sýnt að lítil eða skökk umfjöllun um konur í fjölmiðlum hefur neikvæð áhrif á vilja kvenna til að bjóða sig fram í kosningum og velgengi þeirra í kosningum.<sup>64</sup> Rannsóknir hafa jafnframt sýnt að aukin umfjöllun um konur í framboði geti stuðlað að því að fleiri konur séu kjörnar. Langsniðsgreining á evrópskum kosningum sýndi að kvenkyns frambjóðendur fengu hlutfallslega of litla umfjöllun í fjölmiðlum á árunum 2004 til 2014.<sup>65</sup>

Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á fjölmiðlaumfjöllun um íslenskar stjórnmalakonur og líkt og þegar um er að ræða konur almennt, þá fá stjórnmalakonur minni umfjöllun í fjölmiðlum en stjórnmalakarlar. Árið 1998 lét Alþingi vinna athugun á hlut stjórnmalakarla og kvenna í fjölmiðlum. Helstu niðurstöður könnunarinnar voru að hlutur stjórnmalakvenna í sjónvarpi var 46%, í dagblöðum 37% og í útvarpi 34%. Þá skoðuðu María H. Marinósdóttir og Viktoría Rut Smáradóttir umfjöllun um karlkyns og kvenkyns frambjóðendur í dagblöðum fyrir alþingiskosningar 2007 í rannsókn til BA prófs í fjölmiðlafræði. Þar skoðuðu þær einnig birtingarmyndir kynjanna í blaðagreinum sem vörðuðu alþingiskosningarnar. Niðurstaða rannsóknarinnar var að umfjöllun um eingöngu karla var 52% allrar umfjöllunar um frambjóðendur, umfjöllun

um eingöngu konur var 26% og umfjöllun þar sem bæði karlar og konur komu við sögu var 22%.<sup>66</sup>

Þá skoðaði Anna Lilja Þórisdóttir birtingarmyndir kynjanna í fjölmiðlum í aðdraganda alþingiskosninganna 2009 í meistararitgerð sinni í blaða- og fréttamennsku. Samkvæmt niðurstöðum hennar voru karlar mun oftast viðmælendur í fréttum um kosningarnar og kosningabaráttuna 2009 en konur. Anna Lilja skoðaði jafnframt kynjahlutföll stjórnmalafólks í umfjöllun fjölmiðla í aðdraganda kosninga. Rætt var við stjórnmalakarla eingöngu í 45% fréttanna, við stjórnmalakonur eingöngu í um 12% fréttanna og við bæði stjórnmalakonur og karla í um 42% fréttanna. Í ritgerðinni setur Anna Lilja þetta hlutfall í samhengi við þann fjölda karla og kvenna sem voru í framboði fyrir alþingiskosningarnar það árið. Af þeim 752 einstaklingum sem voru í framboði voru 412 karlar, sem eru tæp 55% frambjóðenda og 340 konur, um 45% frambjóðenda. Ljóst er því að umfjöllun dagblaðanna tveggja endurspeglar ekki kynjahlutfall frambjóðendanna í kosningunum. Anna Lilja greinir frá því að vissulega megi gera ráð fyrir að leiðtogar hvers lista fái meiri umfjöllun en þeir frambjóðendur sem sitja neðar á lista en þrátt fyrir að tekið sé tillit til þess, þá sé hlutur kvenna samt sem áður talsvert lægri en þátttaka þeirra og staðsetning á listum gefur tilefni til að ætla. Konur voru oddvitar í 11 af þeim 36 listum sem tóku þátt í kosningabaráttunni 2009, eða alls 31% oddvita.<sup>67</sup>

### ***2.3.5 Útlit stjórnmalakvenna frekar til umræðu***

Í gegnum söguna hafa fjölmiðlar ekki aðeins fjallað of lítið um stjórnmalakonur heldur hafa þeir einnig fjallað á annan hátt um stjórnmalakonur en stjórnmalakarla. Í rannsókn sinni við London School of Economics kannaði Hrafnhildur Ragnarsdóttir hvernig kvenkyns frambjóðendur til alþingiskosninga 2003 töldu fjölmiðla fjalla um sig. Hrafnhildur spurði 36 stjórnmalakonur hvort þær teldu sig hafa fengið annars konar umfjöllun en karlkyns frambjóðendur og hvort þær teldu að staðalmyndir um hlutverk kynjanna hefðu haft áhrif á umfjöllun um þær í dagblöðum.<sup>68</sup> Niðurstaðan var sú að stjórnmalakonur telja að fjölmiðlar hafi kynjaslagsíðu, en að það beindist gegn öðrum konum í stjórnmalum en ekki þeim sjálfum. Einn viðmælenda Hrafnhildar komst svo að orði: „Karlar fá „áhugaverðari umfjöllun” og það þykir sjálfsagðara að þeir starfi að stjórnmalum. Þeir hafa einnig meira um það að segja hvernig þeir koma fyrir í fjölmiðlum. Spjallþáttum er stjórnað af körlum, sem bjóða körlum til að tala um aðra

karla.“<sup>69</sup> Einn fjórði hluti svarenda í rannsókn Hrafnhildar sagði að dagblöð legðu áherslu á líkamlegt atgervi þeirra; klæðaburð, hárgreiðslu, vaxtarlag og aldur.

Aðrar rannsóknir renna stoðum undir þessa upplifun þingkvennanna en fjölmiðlar vekja frekar athygli á útliti og einkalífi stjórnmalakvenna meira en stjórnmalakarla. Í rannsókn á vegum Evrópusambandsins niðurstöðunum kom fram að fjölmiðlar voru fjórum sinnum líklegri til að vekja athygli á útliti kvenframbjóðenda en karlkyns frambjóðanda og ólíklegra var að þær voru spurðir út í stefnumál.<sup>70</sup> Valgerður Anna Jóhannsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir skoðuðu birtingarmyndir kynjanna í fjölmiðlum árið 2015 en eitt af því sem þær komust að var að áhersla var lögð á umfjöllun um útlit þeirra og fatnað og þannig er dregið úr afrekum þeirra.<sup>71</sup> Þetta kom einnig fram í niðurstöðum GMMP vaktarinnar frá árinu 2010 en þar kom fram að umfjöllun um konur sé mjög kynjuð á miðað við umfjöllun um karla. Konur eru sjaldnar nefndar á nafn en karlar og umfjöllun um konur einblíndi oftast á aldur þeirra eða útlit, auk kynferðislegra undirtóna.

Í samantekt fjölmiðlavaktar Creditinfo um birtingarmyndir kynjanna kemur fram að eini efnisflokkur þar sem konur eru í meirihluta viðmælenda í fjölmiðlum er jafnréttismál en þar voru konur viðmælendur að meðaltali í 68% tilfella á tímabilinu 2011–2016. Þá voru konur tæplega þriðjungur viðmælenda þegar kom að stjórnmalum eða stjórnsýslu. Félags- og fræðslumál eru þeir flokkar þar sem kynjahlutfall viðmælenda er jafnt eða því sem næst. Í öðrum efnisflokkum eru konur í minnihluta viðmælenda, þó sérstaklega þegar kemur að sjávarútvegsmálum og fiskeldi, viðskiptum og rekstri og erlendum fréttum.<sup>72</sup>

Evrópskar rannsóknir hafa sýnt að það að fjalla um stjórnmalakonur, og í raun konur almennt, á hátt sem gefur þeim minna umboð, minni trúverðugleika eða einfaldlega minna pláss hefur neikvæð áhrif á velgengi kvenna í stjórnmalum og vilja annarra kvenna til að taka þátt í stjórnmalum.<sup>73</sup> Kynjuð fjölmiðlaumfjöllun viðheldur hefðbundnum staðalímyndum um kynin um að konur séu passífir áhorfendur á meðan karlar eru þátttakendur og leiðtogar.

### 2.3.6 Tvíeggja sverð samfélagsmiðla

Samfélagsmiðlar eru ekki gamalt fyrirbæri en á stuttum tíma hefur það gjörbreytt samfélögum. Tilkoma samfélagsmiðla hefur meðal annars breytt samfélagsumræðunni

og gert einstaklingum auðveldara með að deila skoðunum sínum með öðrum. Samfélagsmiðlar hafa gert almenningi kleift á að taka þátt í opinberri umræðu án þess að vera háður sérstakri ritstjórn, en þetta er eitt af því sem aðgreinir samfélagsmiðla frá hefðbundnum fjölmiðlum. Ritstjórnin er einstaklingurinn og hans er valdið og valið.<sup>74</sup>

Samfélagsmiðlar bjóða jafnframt upp á milliliðalaus samskipti stjórnámálanna og kjósenda og hafa stjórn málafræðingar bent á að tilkoma samfélagsmiðla hefur nú þegar haft margslungin áhrif á stjórn mála.<sup>75</sup> Notkun samfélagsmiðla hefur til að mynda hjálpað konum í framboði að auka sýnileika sinn og efla umfjöllun um sig í hefðbundnum fjölmiðlum.<sup>76</sup> Þessi nýja milliliðalaus tenging hefur einnig verið notuð af aktívistum og almenningi til að koma mikilvægum málum á borð stjórnvalda og fjölmiðla, þar á meðal hafa þeir verið notaðir til að fletta ofan af kynferðisofbeldismálum og vekja athygli á þöggunarmenningu.

Samfélagsmiðlar geta þó reynst tvíeggja sverð. Þeir hafa ekki einungis verið konum til framdráttar heldur hafa þeir einnig orðið að nýjum vettvangi þar sem skaðleg og niðurlægjandi orðræða gagnvart konum þrífst. Þingkonur víða um heim hafa sagt frá því að þær hafi orðið fyrir niðurlægjandi hegðun á samfélagsmiðlum. Alþjóðþingmannasambandið og Evrópuráðsþingið framkvæmdu viðtalsrannsókn á kynferðislegri áreitni og ofbeldi á evrópskum þjóðþingum árið 2018.<sup>77</sup> Rannsóknin náði til 123 kvenna í 45 löndum, þar af voru 81 þingkonur og 42 starfsmenn þjóðþinga. Rannsóknin leiddi í ljós að mikill meirihluti kvennanna hafði orðið fyrir kynferðislegri- og/eða kynbundinni áreitni eða ofbeldi. Þar á meðal voru skilaboð sem innihéldu kvenfyrirlitningu og hugmyndir um hefðbundin kynhlutverk, einelti, óviðeigandi myndbirtingar, hótanir og fleiri. Þá kom einnig fram í rannsókninni að 60,5% svarenda sögðu að slíkt ofbeldi í samfélaginu jókst þegar þær tóku fyrir kvenréttindi eða mannréttindi á þingi.

Í kjölfar þessarar rannsóknar ákvað Alþingi að fela Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að gera rannsókn um vinnustaðamenningu á Alþingi. Markmið rannsóknarinnar var að safna og greina gögn um samskipti, einelti, kynferðislega og kynbundna áreitni meðal þingmanna, starfsfólks þingflokka og starfsfólks skrifstofu Alþingis.<sup>78</sup> Rannsóknin var birt árið 2020 og í niðurstöðum kom fram að 20,4% þátttakenda í könnunni töldu að kyn sitt hefði haft áhrif á framgang sinn í starfi til hins verra. Hlutfallslega fleiri konur en karlar töldu kynferði sitt hafa neikvæð áhrif á



möguleika sína á framgang í starfi. Hlutfallið var sérstaklega hátt meðal þingfólks en 59% þingkvenna töldu kyn sitt hamla framgangsmöguleikum sínum, samanborið við 17% þingkarla.

Í könnuninni var einnig gerð óbein mæling á kynbundinni áreitni sem er skilgreind sem hegðun sem gerir lítið úr eða niðurlægir kyn þess sem verður fyrir áreitninni og er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi. Könnunin leiddi í ljós að 32% þátttakenda höfðu upplifað eitt að fleiri af atriðum sem skilgreind voru sem kynbundin áreitni. Reynsla af kynbundinni áreitni var mest á meðal þingfólks en rúm 59% þingfólks höfðu orðið fyrir kynbundinni áreitni undangengna 6 mánuði.

Algengasta birtingarmynd kynbundinnar áreitni sem þátttakendur höfðu upplifað í tengslum við starf sitt á Alþingi var að lítið væri gert úr þeim eða hæfileikum þeirra á grundvelli kyns eða alls 18% þátttakenda. Þá höfðu 16,8% upplifað óviðeigandi, móðgandi eða særandi brandara sem tengdir væru kyni sínu og litlu færri, eða 16,2%, höfðu upplifað almennt neikvætt viðhorf um kyn sitt á vinnustaðnum. Loks greindu rúm 10% frá því að sér hefði verið sýnd óviðeigandi, móðgandi eða særandi hegðun vegna kyns síns.

Þá höfðu rúm 42% þingkvenna orðið fyrir því að kynbundin ummæli eða myndir af sér væru birtar í fjölmiðlum eða á samfélagsmiðlum. Til samanburðar sögðust 16,7% þingkarla hafa orðið fyrir slíkri reynslu. Í könnuninni var þingfólk jafnframt spurðt nánar um það hvar myndirnar eða ummælin höfðu birst en algengast var að slíkt hefði birst á samfélagsmiðlum.<sup>79</sup>

Þessar niðurstöður ríma við niðurstöður rannsóknar sem Alþjóðleg samtök kvenna í stjórnmálum (e. WPL, Women Political leaders) stóðu fyrir um samfélagsmiðlanotkun þingkvennanna frá 107 löndum. Í niðurstöðum þeirrar rannsóknar kom meðal annars fram að tæplega helmingur þátttakenda í rannsókninni hafði fengið meiðandi eða ógnandi athugasemdir um getu eða hlutverk kvenna. Þá sagðist ein af hverjum þremur þingkvenna fá slíkar athugasemdir oft eða mjög oft. Þá kom jafnframt fram í rannsókninni að þær þingkonur sem voru virkar á samfélagsmiðlum fengu fleiri slíkar athugasemdir. Í rannsókn WPL er jafnframt tekið

fram að karlar í stjórnámálum verði einnig fyrir niðrandi athugasemdum og hótunum á netinu en að þeir verði ekki fyrir kynbundnu áreitni eða ofbeldi ólíkt konum.<sup>80</sup>

### 2.3.7 Kynbundin áreitni í stjórnámálum

Alþjóðlegar rannsóknir hafa sýnt fram á að kynferðislega og kynbundna áreitni megi rekja til valdamisræmi kynjanna.<sup>81</sup> Rannsóknir hafa jafnframt sýnt að með auknu hlutfalli kvenna í stjórnámaum þá eykst sömuleiðis kynferðisleg- og kynbundin áreitni gagnvart stjórnámalakonum.<sup>82</sup>

Berit Ås, norskur félagssálfræðingur, setti fram kenningu um drottunaraðferðirnar fimm í bók sinni *Kvinner i alle land: hånbok i frigjoring* árið 1981. Aðferðirnar eru leiðir þeirra valdameiri til að gera lítið úr og þagga niður úr þeim valdaminni til þess að viðhalda valdamisræminu. Telur Ås að aðferðirnar megi finna á öllum sviðum þar sem beiting valds á sér stað og geti bæði verið notaðar meðvitaðar og ómeðvitaðar. Fyrsta aðferðin er að gera fólk ósýnilegt, önnur er að gera fólk hlægilegt, þriðja leiðin er að leyna upplýsingum, fjórða er svokölluð tvöföld refsing og að lokum er að framkalla skömm og sektarkennd.

Í bókinni *Gegnum glerþakið – Valdahandbók fyrir konur* ræða sænsku blaðakonurnar Maria Herngren, Eva Swedenmark og Annica Wennström meðal annars við stjórnámalakonur frá Norðurlöndunum um þessar drottunaraðferðir Ås. Þær eru notaðar til lítillækka konur. Þar á meðal er sú aðferð að gera stjórnámalakonur hlægilegar með smættandi athugasemdum sem eru til þess fallnar að konurnar sjálfar og aðrir efast um erindi þeirra í stjórnámálum. Nefndar eru dæmi um athugasemdir á borð við: „En elskan mín góða, þú hlýtur að skilja...“ eða „litla mín...“.

Stjórnámalakonurnar sem stigu fram rúmlega tveimur áratugum síðar í #MeToo-byltingunni greindu meðal annars frá slíkum athugasemdum. Ein konan sagði frá því hvernig þingmaður lítilsvirti hana, hvernig hann smættaði hana niður með einni setningu: „Svo rekst ég á einn sem ég þekki aðeins, þingmaður flokksins, og ég fer að heilsa honum. Þá klípur hann í nefið á mér og segir „hvað segir þú stelpa“! Og skyndilega fór ég úr því að vera valdefld 36 ára kona í að vera 12 ára niðurlægð stelpa. Ég var svo hissa og lítillækkuð og trúði ekki að hann hefði virkilega gert þetta.“<sup>83</sup>

### 3. Hlutur kvenna í alþingiskosningum 2021

Konur hafa að jafnaði raðast lægra á framboðslista stjórnmálaflokka en karlar hér á landi. Á síðustu árum hafa tvö efstu sætin á framboðslistum orðið enn eftirsóknarverðari, líkt og kemur fram í öðrum kafla, og vakti það því athygli þegar konur skipuðu 28 af 61 oddvitasæti framboðslistanna í aðdraganda alþingiskosninganna 2021. Það er mikið stökk í fjölda kvenkyns oddvita frá fyrri kosningum en árið 2017 skipuðu konur 37% oddvita í alþingiskosningunum sem og í kosningunum 2016.

Í þessum kafla verður greint hvernig raðaðist í efstu sæti framboðslista stjórnmálaflokkanna og hvernig fjallað var um kynjahlutföll á framboðslistum í fjölmiðlum í aðdraganda alþingiskosninganna 2021. Síðar í kaflanum verður fjallað um niðurstöður rannsóknar skýrslunnar en í þeirri rannsókn var kannað hvort að fjölgun kvenna í oddvitasætum stjórnmálaflokka hafi haft áhrif á fjölmiðlaumfjöllun síðustu tvær vikurnar fyrir kosningar. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að fjölmiðlaumfjöllun um konur í aðdraganda kosninga hefur ekki verið í samræmi við hlutfall þeirra í kosningum. Niðurstaða þessarar rannsóknarinnar er sú að umfjöllun fjölmiðla um oddvita endurspegladi kynjahlutfall frambjóðenda.

#### 3.1 Kynjahlutföll á framboðslistum stjórnmálaflokka

Kynjaskipting í efstu sæti framboðslista stjórnmálaflokka var talsvert til umræðu í íslenskum fjölmiðlum í aðdraganda alþingiskosninganna 2021. Krafan um jafnt kynjahlutfall á þingi hefur hlotið aukinn hljómgrunn síðustu ár, sérstaklega þar sem hlutfall kvenna á þingi hrundi um 10 prósent í alþingiskosningunum 2017.

Umræðan um jafnt kynjahlutfall í efstu sætum framboðslista flokkanna hófst strax þegar uppstillingarnefnd Samfylkingarinnar efndi til framboðskönnunar á meðal flokksmanna í Reykjavík skömmu fyrir jól 2020. Niðurstöðum könnunarinnar var lekið og skrifuðu Morgunblaðið og Kjarninn fréttir um að fjórar konur voru á meðal fimm efstu í könnuninni. Í kjölfar lekans var ekki víðtæk sátt innan flokksins um röðun í efstu sætin í Reykjavíkurdæmunum.<sup>84</sup> Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, varaþingmaður Samfylkingarinnar, sagði sig úr flokknum en hún mótmælti harðlega að uppstillingarnefnd hefði skipað nýliða í þrjú af fjórum efstu sætum flokksins í Reykjavíkurdæmunum. Hún sat í öðru sæti flokknum á lista Samfylkingarinnar í

Reykjavíkurdæmi suður fyrir alþingiskosningar 2017.<sup>85</sup> Í heildina voru konur í meirihluta í oddvitasætum framboðslista Samfylkingar fyrir alþingiskosningarnar, fjórar konur á móti tveimur körlum.

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í maí og júní 2021 vöktu einnig mikla athygli og þá sérstaklega kosningasigur ungra kvenna. Bæði fjölmiðlar og flokkurinn sjálfur vöktu athygli á því að í fjögur af fimm efstu sætunum í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurdæmunum röðuðust ungar konur. Stefanía Óskarsdóttir stjórn málafræðingur fjallaði um þennan árangur kvennanna í samtali við Morgunblaðið þar sem hún sagði þetta óvenju góða niðurstöðu fyrir konur í prófkjöri flokksins í Reykjavík.<sup>86</sup> Diljá Mist Einarsdóttir, þáverandi aðstoðarmaður ráðherra, tók þátt í sínu fyrsta prófkjöri og hlaut eina þá bestu kosninga sem nýliði hefur fengið í flokknum. Öðrum aðstoðarmanni ráðherra gekk einnig vel í prófkjörinu en það var Hildur Sverrisdóttur aðstoðarmaður Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur, þáverandi ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Hún endaði í öðru sæti á framboðslista flokksins í Reykjavíkurdæmi suður á eftir Áslaug Örnú Sigurbjörnsdóttur, dómsmálaráðherra.

Konur röðuðust einnig ofarlega í öðrum kjördæmum Sjálfstæðisflokksins, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, þáverandi ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra, leiddi í Norðvesturkjördæmi en athygli vakti þegar Haraldur Benediktsson, fyrrum oddviti Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi lýsti því yfir að hann mundi ekki þiggja annað sæti á lista flokksins ef ske kynni að hann myndi tapa oddvitaslagnum við Þórdísi Kolbrúnu. Þessi ummæli hans vöktu reiði meðal marga Sjálfstæðiskvenna sem tjáðu sig um afstöðu Haraldar á samfélagsmiðlum. Vísir tók saman ummæli kvennanna en þær sögðu afstöðuna vera „frekju og fýlustjórnun“, „aulamúv“ eða hótanir við samflokksmenn og kjósendur.<sup>87</sup> Rósa Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, tók til máls á Facebook og spurði í kjölfarið hvort að Haraldur gæti „ekki keppt við konu án hótana?“ og benti á að Haraldur hefði einnig hótað að hætta í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins árið 2013 ef hann tæki ekki annað sæti en þá var hann einnig í baráttu við konu.<sup>88</sup> Prófkjör í kjördæminu fóru stuttu síðar fram og bar Þórdís Kolbrún sigur úr býtum. Stuttu síðar tilkynnti Haraldur að hann hefði ákveðið að þiggja annað sæti á lista þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar.

Þá var Guðrún Hafsteinsdóttir kjörin oddviti Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra oddviti í Reykjavíkurborgkjördæmi suður. Þetta góða gengi kvenna í prófkjörum Sjálfstæðisflokksins vakti athygli ýmissa fjölmiðla enda er þetta kynjahlutfall flokksins töluvert annað en í kosningunum árið 2016 og 2017 þegar aðeins ein kona leiddi lista flokksins. Í Kjarnanum var fjallað um sögulegt gengi kvenna í prófkjörum Sjálfstæðisflokksins, og þar var bent á að í prófkjörum fyrir kosningar 2016 og 2017 hefði konum, sérstaklega reynslumiklum konum sem höfðu verið á þingi og jafnvel ráðherrar, verið hafnað í unnvörpum. Einungis tvær konur á lista flokksins í kosningunum 2016 voru í sætum á lista sem öruggt var að skila myndi þeim inn á þing.<sup>89</sup> Fyrir kosningarnar 2021 leiddu aftur á móti þrjár konur lista og þrjár konur sátu jafnframt í öðru sæti sem þýðir að jafnt kynjahlutfall mátti finna í efstu tveimur sætum flokksins í öllum kjördæmum. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í samtali við Morgunblaðið að það hafi aukist að fólk sé að horfa til fjölbreytni á framboðslistum þegar hann var aðspurður um áberandi árangur kvenna í prófkjörum flokksins.<sup>90</sup>

Kynjahlutföll í oddvitasætum voru jöfn bæði hjá Vinstrihreyfingunni – grænt framboð og Píratahreyfingunni. Þrír ráðherrar Vinstri grænna leiddu hver sinn lista en í hinum þremur kjördæmunum voru það nýliðar sem skipuðu oddvitasætin. Píratar tefldu, líkt og Vinstri grænir og Sjálfstæðisflokkurinn, fram jafnmörgum konum og körlum í oddvitasætum. Í fréttatilkynningu á heimasíðu sinni greindu Píratar frá því að þau væru stolt af hnífjöfnu kynjahlutfalli á listum flokksins fyrir kosningar. Í tilkynningunni var sérstaklega tekið fram að af þeim 30 einstaklingum sem skipta efstu fimm sætin í kjördæmunum voru 15 konur, 13 karlar og tvö kynsegin.<sup>91</sup>

Framsóknarflokkurinn skartaði ekki jöfnu kynjahlutfalli í efstu sætum heldur voru þar fjórir karlar og tvær konur sem leiddu lista flokksins. Þrír fjölmiðlar fjölluðu um hvernig þingkonum Framsóknarflokksins hefði verið hafnað í prófkjörum flokksins. Líneik Anna Sævarsdóttir sóttist eftir fyrsta sæti í Norðausturkjördæmi en tapaði sætinu fyrir Ingibjörgu Ólöfu Isaksen bæjarfulltrúa á Akureyri. Líneik skipaði í staðinn annað sæti listans. Þá sóttist Halla Signý Kristjánsdóttir eftir fyrsta sætinu á listanum í Norðvesturkjördæmi en hafnaði í þriðja sæti. Stefán Vagn Stefánsson yfirlögregluþjónn og sveitarstjórnarmaður hlaut fyrsta sætið og Lilja Rannveig

Sigurgeirsdóttir formaður ungra framsóknarmanna hlaut annað sætið. Engin þingkvemma flokksins fékk það sæti sem þær sóttust eftir. Framsóknarflokkurinn ákvað að hafa ekki prófkjör í Reykjavíkurborgardæmunum og valdi kjörnefnd varaformann flokksins og ráðherra Lilja Dögg Alfreðsdóttur í fyrsta sæti í Reykjavíkurborgardæmi suður. Formaður Landssambands Framsóknarkvemma, Linda Hrönn Þórisdóttir, sagði í samtali við fréttastofu RÚV að skoða þurfti hvort að tilefni væri til að breyta reglum Framsóknarflokksins á þá leið að hlutur kvemma á framboðslistum væri tryggður: „Það kemur bersýnilega í ljós að þar sem er uppstilling þar er mesta breiddin í listum.“<sup>92</sup>

Fjölmiðlar fjölluðu oft en einu sinni um uppröðun kvemma á framboðslistum Miðflokksins í aðdraganda kosninga. Þar á meðal var fjallað um hvernig tillaga uppstillingarnefndar Miðflokksins í Reykjavíkurborgardæmi suður hafði verið felld á félagsfundi flokksins. Sú atburðarás var rekin til Þorsteins Sæmundssonar þingmanns Miðflokksins sem neitaði að sætta sig við að vera ekki stillt upp sem oddvita flokksins í kjördæminu en í stað hans átti Fjóla Hrund Björnsdóttir, framkvæmdastjóri þingflokksins, að skipa fyrsta sætið. Sú tillaga var felld og í kjölfarið tilkynnti stjórn félagsins að ráðgefandi atkvæðagreiðsla færi fram um val á oddvita í Reykjavíkurborgardæmi suður á meðal félagsmanna. Í umfjöllun Vísis um málið segir að viðbrögð Þorsteins hafi komið flutt upp á forystu flokksins og hafi sett áform um að jafna kynjaskiptingu í oddvitasætum flokksins fyrir komandi kosningar í uppnám.<sup>93</sup> Á vef Miðflokksins var birt fréttatilkynning þar sem sagt var: „Mikill hugur er í Miðflokknum um að jafna hlut kynjanna og aldursdreifingu á framboðslistum. Mikið framboð hefur verið af hæfum konum og körlum og er það fagnaðarefni.“<sup>94</sup> Áform nefndarinnar um kynjahlutföll gengu á endanum ekki upp, en tvær konur leiddu lista Miðflokksins í kosningunum. Það var þó aukning frá alþingiskosningum árið 2017 en þá leiddu kona einn lista af sex hjá Miðflokknum.

Flokkur fólksins tefldi líkt og Miðflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn fram fimm körlum og einni konu í oddvitasætum flokkana í kosningum 2017. Í kosningum 2021 fjölgaði konum í oddvitasætum um eina og leiddu því tvær konur listann á móti fjórum körlum. Sama var upp á teningnum hjá Frjálslynda lýðræðisflokknum sem skartaði fjórum körlum og tveimur konum í oddvitasætum. Þá bauð Sósíalístaflokkurinn í fyrsta sinn fram í alþingiskosningum og tefldi flokkurinn fram

jöfnum kynjahlutföllum í oddvitasætum. Flokkurinn Ábyrgð framtíð bauð aðeins fram í Reykjavíkarkjördæmi norður og þar leiddi listann Jóhannes Loftsson.

Viðreisn tefldi fram jafn mörgum konum og körlum í oddvitasætum flokksins. Konurnar leiddu á suðvesturhorninu en körlum var teflt fram á landsbyggðinni. Viðreisn notaðist við uppstillingarnefnd í stað prófkjörs við val á frambjóðendum. Ekkert kemur fram í lögum flokksins um að jafns kynjahlutfalls skuli gæta í oddvitasætum heldur kveða þau einungis á við um fléttulista þar sem jafnræðis er gætt milli kynja innan lista. Ýjað var að því af flokksmanni Viðreisnar á samfélagsmiðlum að uppstillingarnefndin hefði skýlt sér á bak við jafnvægi í kynjahlutföllum oddvita til að stilla því fólki upp á lista sem það vildi. Það er að segja, að það hefði með vilja verið gert að velja karla til að leiða í landsbyggðarkjördæmunum til þess að geta valið einungis konur til að leiða í Reykjavíkarkjördæmunum og í Suðvesturkjördæmi.<sup>95</sup> Þá vakti athygli fjölmiðla að Sara Dögg Svanhildardóttir bæjarfulltrúi Viðreisnar í Garðabæ hefði ekki fengið sæti á lista, en hún sagði í samtali við Vísi að uppstillingarnefnd flokksins hefði rökstutt ákvörðun sína með þeim hætti að vera hennar á listanum myndi gera hann of einsleitan og að hún væri of gömul: „Ég sem hafði haldið að það væri enginn eins og ég. Mér fannst það svolítið skondið. Svo er ég talin of gömul. Það eru rökin sem ég fæ“.<sup>96</sup>

Ef kynjahlutföll oddvitasæta allra framboða sem tóku þátt í alþingiskosningum 2021 eru skoðuð, þá skipuðu konur 28 af 61 oddvitasætum eða 46%. Ef aðeins eru teknir þeir flokkar sem mældust inn á þing í skoðanakönnuðum í aðdraganda kosninganna þá voru konur 48% oddvita. Til samanburðar voru konur 37% oddvita í alþingiskosningunum árið 2017 sem og í kosningunum 2016.

### 3.2 Umfjöllun fjölmiðla endurspeglar kynjahlutfall oddvita

Fjölmiðlaumfjöllun um stjórnmalakonur hefur áhrif á þátttöku og velgengi kvenna í stjórnmalum. Verulega hefur hins vegar hallað á kvenkyns frambjóðendur í umfjöllun fjölmiðla í aðdraganda kosninga, bæði héraendis og erlendis, og rannsóknir hafa ítrekað sýnt að umfjöllunin endurspeglar ekki kynjahlutfall frambjóðenda. Í kjölfarið hefur verið bent á að gera megi ráð fyrir að þeir frambjóðendur sem sitji í efstu sætum framboðslista fái meiri fjölmiðlaathygli en þeir sem sitji neðar og að þar sem konur hafi raðast neðar á framboðslista en karlar í gegnum tíðina, útskýri það kynjaskekkju

fjölmiðla. Fyrir alþingiskosningar árið 2021 röðuðust konur ofarlega á framboðslista stjórn málaflókka og skipuðu 28 af 61 oddvitasætum. Konur voru því alls 46% oddvita ef öll framboð eru tekin með en 47% oddvita ef aðeins eru teknir með stjórn málaflokkar sem buðu fram í öllum kjördæmum. Það er töluvert hærra hlutfall en í alþingiskosningum 2017 sem og kosningum 2016 eða alls 10% aukning.

Í ljósi þess að oddvitasætum flokkana var nálægt því að vera jafnt skipt á milli kynjanna þótti skýrsluhöfundur vert að kanna hvort að aukning kvenna í efstu sætum framboðslista stjórn málaflókka myndi leiða til aukinnar fjölmiðlaumfjöllunar um konur í oddvitasætum. Með hjálp leitarvélar Creditinfo var kannað hversu oft var fjallað um oddvita stjórn málaflókka í íslensku útvarpi, sjónvarpi, blöðum og netmiðlum dagana 10. til 24. september 2021. Leitað var að nafni hvers og eins oddvita í öllum fallbeygingum og taldar voru allar þær fréttir sem innihéldu nafn oddvita þessa 14 daga fyrir kosningar. Þær tölur voru síðan teknar saman og greindar eftir kyni. Innihald fréttanna var ekki greint heldur einungis tíðni fréttanna.

Gagnasöfnun rannsóknarinnar tók til oddvita stjórn málaflókka sem buðu fram í öllum sex kjördæmum alþingiskosninganna 2021. Þar að segja oddvita Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, Framsóknarflokksins, Pírata, Flokks fólksins, Miðflokksins, Frjálslynda lýðræðisflokksins, Viðreisnar og Sósíalístaflokksins. Í raun allra flokka sem tóku þátt í alþingiskosningunum 2021 að undanskilinni Ábyrgðri framtíð þar sem framboð þeirra í Reykjavíkurborg kjördæmi norður var ekki samþykkt fyrr en eftir að rannsókn hófst.<sup>97</sup> Samtals voru þetta sextíu oddvitar eða alls 32 karlar og 28 konur.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að fjölmiðlaumfjöllun um konur sem sátu í oddvitasætum flokkana var 47% af heildarumfjöllun fjölmiðla um alla sextíu oddvita flokkana síðustu tvær vikurnar fyrir kosningar. Það er áhugaverð niðurstaða þar sem hún endurspeglar kynjahlutfall oddvita í framboði. Enn fremur er það á skjön við fyrri rannsóknir sem sýndu fram á að mun meira er fjallað um karla í framboði í aðdraganda kosninga í fjölmiðlum en konur, líkt og fjallað er um í þriðja kafla þessari skýrslu.

Þrátt fyrir að umfjöllun um oddvita endurspegladi hlutfallslega kynjahlutfall oddvita, þá voru aðeins þrjár konur meðal þeirra tíu oddvita sem fjallað var oftast um í fjölmiðlum síðustu tvær vikurnar fyrir kosningar. Katrín Jakobsdóttir, þáverandi



forsætisráðherra, fékk mestu umfjöllunina af öllum oddvitum eða alls 9,7%, á eftir henni kom Bjarni Benediktsson, þáverandi fjármálaráðherra með 8% og síðan Svandís Svavarsdóttir þáverandi heilbrigðisráðherra með 5,6%.

Umfjöllun fjölmiðla um oddvita var einnig greind eftir því hvort oddvitarnir voru starfandi þingfólk eða varaþingfólk eða svokallaðir nýliðar. Í heildina voru helmingur oddvita nýliðar eða alls 30 nýliðar á móti 30 starfandi þingmönnum. Á meðal nýliða voru 12 konur á móti 18 körlum en á meðal fyrrum þingmanna var öfugt farið, 16 þingkonur voru oddvitar á móti 12 þingkörlum. Starfandi þingfólk fékk 71% af heildarumfjöllun fjölmiðla um oddvita en var alls 48% oddvita. Þingkonur voru alls 51,7% oddvita og fengu alls 52,9% umfjöllunar. Þá var einnig skoðað kynjahlutfall meðal nýliða en alls voru konur 41,9% nýliða en fengu einungis 31,6% af umfjöllun fjölmiðla um nýliða.

Umfjöllun fjölmiðla um oddvita var ekki innihaldsgreind í þessari rannsókn heldur voru taldar allar þær fréttir sem innihéldu nöfn oddvita. Því voru fréttir af þáverandi ráðherrum og sitjandi þingmönnum sem ekki tengdust beint kosningunum hluti af gögnunum. Það að fleiri þingkonur voru oddvitar en þingkarlar og það að karlar voru herra hlutfall af nýliðum í kosningunum gæti því að hluta til útskýrt aukinn hlut kvenna í fjölmiðlaumfjöllun um oddvita í aðdraganda alþingiskosninga 2021.

## 4. Fjölþætt jafnrétti í stjórnámálum

Eftirtektarvert er að konur hafi raðast svo ofarlega á framboðslista stjórnámálflokka fyrir alþingiskosningar 2021 og að hlutfall kvenna á Alþingi hafi aukist til muna eftir kosningarnar. Ljóst er hins vegar að það eru ekki einungis konur sem hafa borið skertan hlut frá borði í íslenskum kosningum í gegnum tíðina og kallað hefur verið eftir því að litið sé til fleiri þátta þegar fjallað er um mikilvægi fjölbreytni og jafnréttis á þingi.

Víðari og dýpri skilningur á jafnrétti er staðfestur í nýjum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og um stjórnsýslu jafnréttismála sem tóku gildi í ársbyrjun 2021. Ein stærsta breytingin sem gerð varð á jafnréttislögum er að þegar nú talað er um kyn í lögnum er ekki aðeins átt við karla og konur heldur einnig við fólk með hlutlausa kynskráningu í þjóðskrá.<sup>98</sup> Þessar breytingar koma meðal annars í kjölfar laga sem samþykkt voru árið 2019 um kynrænt sjálfræði þar kveðið er um rétt einstaklinga til að skilgreina kyn sitt.<sup>99</sup>

Önnur stór breyting í nýju jafnréttislögunum er að nú er ekki aðeins tekið fram að mismunun á grundvelli kyns sé óheimilheldur einnig að fjölþætt mismun sé óheimil. Hugmyndafræðin á bak við fjölþætta mismunun er meðal annars rekin til bandarísku fræðikonunnar Kimberlé Crenshaw. Hún fjallaði um að fólk gæti verið jaðarsett á grundvelli fleiri en einnar mismunarbreytu, til dæmis kyns, stéttarstöðu, fötlunar eða litarþáttar. Hún hélt því fram að slíkar breytur væru ekki aðskildar hvor annarri heldur að þær tvinnuðust saman og kallaði Crenshaw því slíka mismunun samtvinnum (e. intersectionality). Hún varpaði meðal annars ljósi á mikilvægi þess að stjórnvöld tækju í reikninginn að það að verða fyrir margþættri mismunun getur veikt enn frekar stöðu fólks. Kallað hefur verið eftir því að stjórnmalaflokkar hér á landi uppræti fjölþætta mismunun innan sinna flokka og stuðli að jafnri stöðu fólks óháð kyni, fötlun, uppruna, litarhætti, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum, kyntjáningu, aldri, búsetu og lífsskoðun.

Í þessari skýrslu hefur verið lögð áhersla á kynjajafnrétti og þá einungis jafnrétti kvenna og karla. Ein ástæða þess er að það er erfitt að nálgast upplýsingar og gögn um þátttöku fólks í stjórnmalum sem er með hlutlausu kynskráningu eða sem skilgreina sigsem kvár. Sama má segja um stjórnmalapátttöku fólks sem tilheyrir öðrum jaðarsettum hópum, erfitt er að finna upplýsingar um þátttöku þeirra í alþingiskosningunum 2021 sem og fyrri kosningum. Hvorki Alþingi né Hagstofa Íslands greinir fólk í framboði til kosninga né fólk sem kjörið er á Alþingi eftir mismunarbreytum öðrum en kyni og aldri.

Í þessum fjórða kafla skýrslunnar er stuttlega fjallað um nokkrar mismunarbreytur. Fjallað er um fyrri kjör fólks úr jaðarsettum hópum og skoðað er hvort og hvernig fjallað var um aðrar mismunarbreytur en kyn í fjölmiðlum í aðdraganda kosninganna 2021.

#### **4.1 Aldur**

Síðustu áratugi hafa konur á þingi að jafnaði verið yngri en karlar á þingi. Það kemur fram í rannsóknum Hauks Arnþórssonar, stjórnsýslufræðings, en hann tók saman aldur alþingisfólks á tímabilinu 1991 til 2018. Fyrir aldamótin var meðal aldursmunur á milli kvenna og karla þrjú til fimm ár, á fyrsta áratug 21. aldarinnar minnkar munurinn en stækkar síðan til muna í kosningunum 2016 eða að meðaltali sjö ára aldursmunur á

konum og körlum. Konur á þingi á kjörtímabilinu 2017 til 2021 voru næstum því áratug yngri en karlar á þingi. Samkvæmt rannsókn Hauks var aldursmunur kynjanna mestur hjá Vinstri grænum og Sjálfstæðisflokknum. Sjálfstæðisflokkurinn sker sig úr í kosningunum 2016 og 2017 með tíu til fjórtán ára aldursmun á þingmönnum flokksins. Haukur segir að minni þingreynslu kvenna og aldursbili kynjanna geti verið útskýrt með því að flokkarnir séu að lyfta upp nýrri kynslóð stjórnmálakvenna en að það þýði jafnframt að reynslumeiri konum sé ýtt til hliðar: „Mikill aldursmunur kvenna og karla almennt í stjórnmálum er sterkt einkenni feðraveldis, sem nú er einkum að finna í flokkunum sem lengst af hafa setið að völdum og áhrifum.“<sup>100</sup>

Þessar niðurstöður Hauks ríma við rannsókn Evrópuþingsins frá árinu 2018 þar sem fram kemur að karlmenn hafi verið í meirihluta í öllum aldurshópum á þjóðþingi sambandsins árið 2018.<sup>101</sup> Þá kemur fram í rannsókninni að minni munur var á milli kynjanna í yngri aldursbilum. Önnur rannsókn sýndi jafnframt fram á að frá því að Evrópuþingið var stofnað árið 1979 og fram til ársins 2019 hafi fleiri ungar konur en miðaldra eða eldri konur verið kosnar á þingið.<sup>102</sup> Í íslensku vinnumarkaðsrannsókn frá árinu 2020 sem framkvæmd var af Ástu Snorradóttur og Sigurveigu H. Sigurðardóttur kom í ljós að íslenskar konur finni meiri fyrir aldursfordómum en karlar.<sup>103</sup> Í rannsókninni var greint frá því að þegar konur eldast þá upplifi þær að vinnuumhverfið verði óhagstæðara og óvelkomnara sem getur haft þau áhrif að konur hætti að vinna fyrir en þær vilja.

Aldursmunur á milli kynjanna mátti einnig finna á framboðslistum stjórnmálaflokkanna í alþingiskosningunum 2021. Samkvæmt Hagstofu Íslands var meðalaldur frambjóðenda á landinu öllu í kosningunum 49,8 ár en aldur karla var nokkru hærri en kvenna eða 51,6 ár á móti 47,7 ár.<sup>104</sup>

## 4.2 Þjóðfélagsstaða

Haukur Arnþórsson, stjórnsýslufræðingur, er einn fátta sem hefur skoðað nokkrar mismunarbreytur þegar að kemur að alþingisfólki. Þar á meðal eru aldur og þjóðfélagsstaða alþingisfólks, en hann skoðar hana út frá þjóðfélagsstöðu foreldra sem talin er sterk ef þau eiga landsfræga foreldra eða foreldra í leiðandi stöðu í þjóðfélaginu. Samkvæmt skilgreiningu Hauks og greiningu á gögnum Alþingismannatalsins áttu að jafnaði 43,8% þingfólks á árunum 1991 til 2018 foreldra með sterka þjóðfélagsstöðu.

Samkvæmt Hauk mátti ekki finna marktækan mun á milli kynjanna þegar kemur að þjóðfélagsstöðu.<sup>105</sup>

Þá kemur jafnframt fram í rannsókn Hauks að þegar litið er til þess hvort að þingmaður sé með ættartengsl við annað þingfólk eða hvort hann hafi foreldra með sterka þjóðfélagsstöðu, þá er það tæplega 2/3 allra á þingi sem tilheyra þeim hópi. Haukur bendir á að ekki meira en 8 prósent þjóðarinnar tilheyrir þessum hóp samfélagsins eða tæplega 20 þúsund kjósendur.<sup>106</sup>

### 4.3 Hinsegin

Í gegnum tíðina hefur opinberlega hinsegin fólk tekið sæti á Alþingi en aldrei jafn margir í einu eins eftir alþingiskosningarnar 2021 eða alls fjórir þingmenn. Þar á meðal eru Hanna Katrín Friðriksson, sem hefur setið á þingi fyrir Viðreisn frá árinu 2016, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Jódís Skúladóttir og Orri Páll Jóhannsson en þau koma öll úr flokki Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs. Hlutfall hinsegin þingmanna eftir kosningar 2021 var 6,3% og færðist því nær því að endurspeglar hlutfall hinsegin fólks í samfélaginu samkvæmt hagsmunafélagi hinsegin fólks á Íslandi, Samtökunum '78. „Á Alþingi eru margar af okkar stærstu ákvörðunum teknar og því gífurlega mikilvægt að hinsegin fólk komi þar að borði og að rödd hinsegin fólks hljómi í ræðustól Alþingis,“ sagði í tilkynningu samtakanna á Facebook.<sup>107</sup>

Í aðdraganda alþingiskosninganna sendu Samtökin '78 á alla stjórn mála flokka spurningar og hinseginkvarða sem notaður var til að greina og meta stefnur, kosningaáherslur og ályktanir framboðanna þegar kæmi að hinsegin fólki. Samtökin spurðu meðal annars hvort að hinsegin fólk væri sýnilegt á listum framboðsins. Flokkur fólksins svaraði þeirri spurningu neitandi og sagðist leggja áherslu á frambjóðendur flokksins væru með fjölbreyttan bakgrunn og reynslu. Framsóknarflokkurinn sagðist ekki hafa yfirlit um kynhneigð frambjóðenda á listunum 2021 þar sem hún skipti engu máli við val þeirra. Tók flokkurinn þó fram að hinsegin einstaklingur hafi eitt sinn verið oddviti á framboðslista flokksins til alþingiskosninga en hafi því miður ekki náð kjöri í það skiptið.

Miðflokkurinn sagðist hafa fulltrúa sem væri opinberlega samkynhneigður og að hann skipaði 12. sæti á framboðslista flokksins í Reykjavíkarkjördæmi suður. Þíratar sögðust hafa hinsegin fólk af öllu tagi á framboðslistum sínum í þessum kosningum.

Enn fremur benti flokkurinn á að fyrsti trans borgarfulltrúinn, Alexandra Briem, hafi komið úr röðum Pírata. Samfylkingin svaraði að af þeim sem skipa efstu sæti flokksins væru allavega tvö sem eru opinberlega hinsegin: Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir fötlunaraktívisti og listfræðingur í 3. sæti í Suðvesturkjördæmi og Viðar Eggertsson leikstjóri og eldri borgari í 3. sæti í Reykjavíkurborgkjördæmi suður. Auk þeirra sagði flokkurinn að fjöldi hinsegin einstaklinga og fólks á regnbogarófinu væri á listum Samfylkingarinnar og minnti á að Jóhanna Sigurðardóttir, fyrsti opinberlega hinsegin forsætisráðherra heimsins, skipaði heiðurssæti á lista flokksins í þessum kosningum.

Sjálfstæðisflokkurinn svaraði að fjöldi hinsegin fólks væri á framboðslistum flokksins fyrir komandi kosningar. Viðreisn sagðist hafa hinsegin einstaklinga í einhverju af efstu tíu sætum á listum í öllum kjördæmum eða samtals fjórtán einstaklinga, þar af einn oddvita. Vinstrihreyfingin - grænt framboð sagðist hafa allnokkra hinsegin frambjóðendur, þar af Guðmund Inga Guðbrandsson umhverfisráðherra og oddvita VG í Suðvesturkjördæmi og Jódísi Skúladóttur sem skipaði annað sæti í Norðausturkjördæmi. Sósíalistaflokkurinn svaraði því játandi að hinsegin fólk væri sýnilegt á framboðslistum flokksins. Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn skilaði ekki inn svörum til samtakanna.<sup>108</sup>

#### 4.4 Þjóðernisuppruni

Innflytjendur eru sístækkandi hópur hér á landi en fæstir þeirra geta með beinum hætti haft áhrif á hverjir setjast á Alþingi. Þetta benti Hallfríður Þórarinsdóttir, sérfræðingur í innflytjendamálum á í samtali við Ríkisútvarpið í aðdraganda alþingiskosninganna 2021.<sup>109</sup> Hún benti á hvernig lítið bæri á á innflytjendamálum fyrir alþingiskosningar 2021 þrátt fyrir að innflytjendur væru orðin stór hópur hér á landi. Í september 2021 var fyrsta og önnur kynslóða innflytjenda orðin 16,8% af landsmönnum og einstaklingar með erlenda bakgrunn 7% landsmanna.<sup>1</sup> Hallfríður sagði í samtali við

---

<sup>1</sup> Innflytjandi er skilgreindur af hagstofunni sem einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra, báða afa og ömmur, sem öll eru fædd erlendis. Innflytjendur af annarri kynslóð eru einstaklingar sem fæddir eru á Íslandi og eiga foreldra sem báðir eru innflytjendur. Þá er jafnframt sjö present

Ríkisútvarpið að samfélagið hefði gjörbreyst með tilkomu þeirra en þrátt fyrir það væri rödd þeirra mjög veik enda fæstir þeirra með kosningarétt. „Einu sinni var það þannig á Íslandi að konur fengu ekki að kjósa og urðu að berjast fyrir því að fá kosningarétt og kosningaréttur var líka háður aldri og eignastöðu og það mætti kannski spyrja hvort þetta sé óviljandi framhald af því og er pólitískur vilji fyrir því þvert á alla flokka að endurskoða þetta lagaákvæði þannig að innflytjendur sem hafa búið hérna í ákveðið mörg ár yrði gefin kosningaréttur,“ sagði Hallfríður

Erfitt er að nálgast upplýsingar um þátttöku innflytjenda í stjórnmálum hér á landi og tekur Alþingi til að mynda ekki saman hversu margir innflytjendur hafa setið á þingi. Fjölmiðlar hafa þó fjallað um þegar þegar einstaklingar af erlendum uppruna taka sæti á Alþingi í fyrsta skiptið. Fjölmiðlar greindu til dæmis frá því í nóvember 2011 að þegar Amal Tamimi tók sæti á Alþingi fyrir Samfylkingunni hafi hún samtímis verið fyrsta konan af erlendum uppruna til að taka sæti á þingi og fyrsti Músliminn.<sup>110</sup> Í samtali við Morgunblaðið sagði Amal frá því að mikið hefði breyst frá því að hún hefði komið fyrst til landsins frá Palestínu sextán árum áður. Hún sagði jafnframt að seta hennar á Alþingi væri á vissan hátt táknað fyrir þær breytingar. Árið 2008 tók Andie Fontaine sæti á Alþingi fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð og var þar með fyrsti innflytjandinn til taka sæti á Alþingi samkvæmt fjölmiðlum.<sup>111</sup> DV greindi jafnframt frá því nokkrum árum síðar að Andie hafi verið fyrsta kynsegin og transmenneskjan til að hafa tekið sæti á Alþingi.<sup>112</sup>

Lenya Rún Taha Karim frambjóðandi Pírata í alþingiskosningum sagði frá því í grein í aðdraganda alþingiskosninga 2021 að hún byði sig fram til þess að vera fyrirmynd í stjórnmálum og til þess að hvetja annað fólk af erlendu bergi brotnu til taka þátt í stjórnmálum. Lenya er dóttir innflytjenda og hún greindi frá því að hún hefði ítrekað fengið rasísk skilaboð á samfélagsmiðlum í aðdraganda kosninganna vegna þess að hún væri brúnni en mörg og nafn hennar öðruvísi; „Það eitt og sér er nóg fyrir nafnlausu liðið til að efast um kjörgengi mitt. Það er algjör óþarfi að fara út í efni skilaboðanna, þetta er bara gamaldags rasismi sem ég hef heyrt margoft áður.“ sagði Lenya í innsendri grein á Vísi.<sup>113</sup> Þessi frásögn Lenyu rímar við erlendar rannsóknir,

---

landsmanna með erlendan bakgrunn en það er ef annað foreldri einstaklings er erlent eða ef einstaklingurinn fæddist erlendis en á foreldra sem fæddir eru á Íslandi.

þar á meðal skýrslu Westminster Foundation of Democracy þar sem fram kemur fram að stjórnmalakonur af öðrum litarhætti en hvítum verða fyrir meiri ofbeldi á netinu.<sup>114</sup> Lenya var ein þeirra kvenna sem kjörin var á Alþingi í kosningunum 2021 en datt síðan út af þingi eftir endurtalninguna í Norðvesturkjördæmi.

## 4.5 Fötlun

Fatlað fólk er fjölbreyttur hópur og erfitt er að finna gögn um hlutfall fatlaðara á Alþingi í gegnum sögun. Ljóst er hins vegar að lengi gerði Alþingi ekki ráð fyrir að hreyfihamlað fólk tæki til máls á þinginu. Freyja Haraldsdóttir, fyrrum þingmaður Bjartar framtíðar, vakti athygli á aðgengi á Alþingi þegar hún sat á þingi árið 2015. Í ræðu á Alþingi í nóvember 2015 benti Freyja á að hún gæti ekki notað ræðustól þingsins þrátt fyrir að breytingar hefðu verið gerðar á honum rétt rúmlega ári áður.<sup>115</sup>

Tveir fötlunaraktívistar voru í framboði fyrir alþingiskosningarnar 2021. Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir skipaði 3. sæti í Suðvesturkjördæmi fyrir Samfylkinguna en hún hefur um árabíl vakið eftirtekt fyrir baráttu sína fyrir réttindum fatlaðs fólks. Inga Margrét vakti meðal annars athygli þegar hún fordæmi ummæli þingmanna Miðflokksins og Flokks fólksins, sem látin voru falla í einkasamtali á Klaustursbar í nóvember 2018, í ræðu á mótum á Austurvelli í desember 2018:

*Fatlaðar konur eru sérstaklega viðkvæmur hópur. Við verðum jafnt fyrir hatri í samfélaginu vegna þess að við erum konur og vegna þess að við erum með fötlun. Og það er ekki hægt og má aldrei slíta þetta tvennt í sundur. Í upptökunum heyrðist svo gróft hatur gegn fatlaðri stjórnmalakonu, baráttukonunni Freyju Haralds, að ég get ekki haft það eftir. En við verðum að horfast í augu við það því Gunnar Bragi, Sigmundur Davíð, Bergþór Ólason, Anna Kolbrún, Karl Gauti og Ólafur Ísleifsson eru ekki bara eitthvað fólk út í bæ. Þau skipa 10% alþingis — og þau eru ekki ein um þessar skoðanir.<sup>116</sup>*

Bára Halldórsdóttir, konan sem tók upp þessi hatursummæli þingmannanna og deildi þeim með fjölmiðlum, bauð sig einnig fram til Alþingis árið 2021. Bára er sjálf fatlaður, hinsegin aktívisti og skipaði hún 9. sæti á lista Sósíalístaflakksins í Reykjavíkurrkjördæmi suður. Í viðtali við Stundina sagðist Bára vilja vera fulltrúi fatlaðs fólks á Alþingi og að ef fatlað fólk læti ekki sjálft í sér heyra þá „muni

miskunnarlausu kerfið ræna því litla sem það eigi eftir frá þeim.<sup>117</sup> Bára Halldórsdóttir og Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir náðu hvorugar inn á þing í kosningunum 2021.

## 5. Lokaorð

Enn hefur ekki náðst að tryggja jafnt kynjahlutfall á meðal þingfólks þrátt fyrir mikla baráttu og umræðu síðustu ár. Eftirtektarvert og ánægjulegt er þó hve margar konur skipuðu efstu sæti framboðslista stjórnmaflokka í aðdraganda alþingiskosninga 2021 en alls voru þær 46 prósent oddvita. Enn fremur er það áhugavert að tíðni umfjallana um kvenkynsoddvita í fjölmiðlum hafi endurspeglad hlut þeirra á framboðslistum í niðurstöðum rannsóknar skýrslunnar. Rannsókn skýrslunnar er þó ekki án takmarkanna, þetta var aðeins tveggja vikna úrtak og einungis voru teknir fyrir oddvitar framboðslistanna en ekki frambjóðendur í heild sinni. Þá eru niðurstöður rannsóknarinnar á skjön við niðurstöður annarra svipaðra rannsóknir sem sýnt hafa töluverða karlaslagsíðu í fjölmiðlaumfjöllun um frambjóðendur. Niðurstöðurnar gefa þó vísbendingar um að það skipti máli að konur raðist efst á framboðslista ef markmiðið er að fjölga konum á Alþingi sem og í fjölmiðlaumfjöllun. Það er í samræmi við aðrar rannsóknir sem fjallað er um í öðrum kafla þessarar skýrslu.

Í þessari skýrslu var byrjað á að fjalla um þær ólíku hindranir sem talið er að staðið hafa í vegi fyrir jöfnu kynjahlutfalli í stjórnmalum hér á landi. Í þriðja kafla skýrslunnar er fjallað um kynjahlutföll á framboðslistum stjórnmaflokka í aðdraganda alþingiskosninga 2021 en röðun á framboðslista er ein af þeim kerfislægu hindrunum sem staðið hafa í vegi fyrir auknum hlut kvenna á þjóðþingum. Í aðdraganda alþingiskosninganna var kynjahlutfall á framboðslistum stjórnmaflokka mikið til umræðu innan flokka sem og í fjölmiðlum. Í þriðja kafla skýrslunnar var einnig fjallað um niðurstöður rannsóknar um tíðni fjölmiðlaumfjöllunar um konur í oddvitasætum framboðslista stjórnmaflokka og í fjórða kafla var stuttlega fjallað um fjölþætt jafnrétti í stjórnmalum. Erfitt er að nálgast gögn um stjórnmalapátttöku fólk sem sæta fjölþættri mismunun en ljóst er að það hallar á fólk úr jaðarsettum hópum á framboðslistum stjórnmaflokka og innan Alþingis.



Áhugavert verður að fylgjast með næstu alþingiskosningum því þó að aukning hafi orðið í hlutfalli kvenna á Alþingi í kjölfar kosninganna 2021 hefur sagan kennt okkur að það getur breyst hratt. Vonandi verða aftur fluttar fréttir af því að konur hafi náð meirihluta á Alþingi áður en langt um líður og að í það skiptið lifi fréttin lengur en í níu klukkustundir. Enn fremur er þess óskandi að í framtíðinni endurspegli Alþingi ekki einungis hlutfall kvenna og karla í samfélaginu heldur fjölbreytileika samfélagsins í heild sinni.

## Heimildaskrá

- 
- <sup>1</sup> Vésteinn Örn Pétursson. (2021, 26. September). Konur ekki lengur í meirihluta á Alþingi eftir endurtalningu. Vísir. <https://www.visir.is/g/20212161883d/konur-ekki-lengur-i-meiri-hluta-a-althingi-efir-endur-talningu>
- <sup>2</sup> Lovenduski, Joni. (2005). *Feminizing Politics*. Polity Press.
- <sup>3</sup> Mannréttindaskrifstofa Íslands (2009) Kvennasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. <https://www.jafnretti.is/static/files/Kvennasattmali.pdf>
- <sup>4</sup> Mannréttindaskrifstofa Íslands (2009) Kvennasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. <https://www.jafnretti.is/static/files/Kvennasattmali.pdf>
- <sup>5</sup> Phillips, Anne. (1995). *The politics of presence*. Clarendon Press.
- <sup>6</sup> Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir. (2009). Kynjaskekkja í stjórnámálum: Breytingar og áhrifaþættir. Stjórnámál og stjórnsýsla, 5(1), 5-25. <http://hdl.handle.net/1946/8988>.
- <sup>7</sup> Burnheim, John. (2006). *Is democracy possible?: The alternative to electoral democracy*. University Press.
- <sup>8</sup> Ingibjörg H. Bjarnason. (e.d.) Alþingi. <https://www.althingi.is/thingmenn/althingismannatal/konur-a-althingi/ingibjorg-h.-bjarnason/>

- <sup>9</sup> Perez, Carloline Criado. (2020). *Invisible Women: Exposing data bias in a world designed for men*. Penguin Random House.
- <sup>10</sup> Dahlerup, Drude. (2006). „Introduction“. Í Drude Dahlerup (ritstj.), *Women, Quotas and Politics* (bls. 3-31). Routledge.
- <sup>11</sup> Þorgerður Einarasdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir. (2009). 5-25.
- <sup>12</sup> *Atvinnuþátttaka kvenna hefur aldrei verið hærrí*. (2017) Hagstofa Íslands.  
<https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/felagsmal/lykiltolur-um-konur-og-karla/>
- <sup>13</sup> World Economic Forum. (2021). *Global Gender Gap Report 2021: Insight report*.  
[https://www3.weforum.org/docs/WEF\\_GGGR\\_2021.pdf](https://www3.weforum.org/docs/WEF_GGGR_2021.pdf)
- <sup>14</sup> Hagstofa Íslands. (2021). Mannfjöldi eftir menntunarstöðu samkvæmt ISCED 2011 menntunarflokkuninni 2003-2019. Afli og verðmæti eftir tegundum og veiðisvæðum 1993-2009 [tafla]. Sótt 15. júlí 2021 af  
[http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_\\_skolamal\\_\\_5\\_menntunarstada/SKOO0001.px/?rxid=8121b1e4-5a36-47b4-a074-f98c0d728107](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__5_menntunarstada/SKOO0001.px/?rxid=8121b1e4-5a36-47b4-a074-f98c0d728107)
- <sup>15</sup> Haukur Arnþórsson. (2019). *Um Alþingi : Hver kennir kennaranum?. Haukura: Reykjavík*
- <sup>16</sup> Ráðherrar frá 1904. (e.d.). Alþingi. <https://www.althingi.is/thingmenn/althingismannatal/radherrar-fra-1904/>
- <sup>17</sup> Haukur Arnþórsson. (2019).
- <sup>18</sup> *Meðalatvinnutekjur karla hærrí en tekjur kvenna með sömu menntun*. (2019, 8. mars) Hagstofa Íslands. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/felagsmal/konur-og-karlar-a-islandi-2019/>
- <sup>19</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir. (1993). *Veröld sem ég vil: Saga Kvennréttindafélags Íslands 1907-1992*. Kvenréttindafélag Íslands.
- <sup>20</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir. (2006). Bríet Bjarnhéðinsdóttir 1856-1940. Erindi flutt á málþingi Kvennasögusafns Íslands og Rannsóknarmrstofu í kvennafræðum. um Bríeti í september 2006.  
<https://kvennasogusafn.is/index.php?page=briet-bjarnhedinsdottir>
- <sup>21</sup> Auður Styrkárstöttir. 2008. From Feminism to Class Politics : The Rise and Decline of Women's Politics in Reykjavík, 1908-1922. (Doktorsritgerð) Umeå Universitet, Department of Political Science. <https://www.diva-portal.org/smash/get/diva2:604689/FULLTEXT01.pdf>
- <sup>22</sup> Alþingi. (e.d) Konur á Alþingi. <https://www.althingi.is/thingmenn/althingismannatal/konur-althingi/kjornar-konur/>
- <sup>23</sup> Þorvaldur S. Helgason. (2021, 30. mars). Kynjajafnrétti mest á Íslandi tólfta árið í röð en „gríðarlegt verk óunnid.“ Fréttablaðið. <https://www.frettabladid.is/frettir/kynjajafnretti-mest-a-islandi-tolfta-arid-i-rod-en-gridarlegt-verk-ounnid/>
- <sup>24</sup> Inter-Parliamentary Union. (2018). Annual Report 2018/2019.  
<https://www.ipu.org/resources/publications/about-ipu/2019-03/annual-report-activities-inter-parliamentary-union-2018>
- <sup>25</sup> Lane Kenworthy og Melissa Malami. (1999) Gender Inequality in Political Representation: A Worldwide Comparative Analysis. *Social Forces*, 78(1), 235–268.  
<https://doi.org/10.1093/sf/78.1.235>
- <sup>26</sup> Þorgerður Einarstöttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir. (2009). 5-25.

- <sup>27</sup> Svanur Kristjánsson og Auður Styrkársdóttir. (2001). *Konur, flokkar og framboð*. Háskólaútgáfan.
- <sup>28</sup> Indriði H. Indriðason og Ásdís Jóna Sigurjónsdóttir 2008, 225
- <sup>29</sup> Haukar Arnþórsson. (2009).
- <sup>30</sup> Lane Kenworthy og Melissa Malami. (1999). 235–268.
- <sup>31</sup> Svanur Kristjánsson og Auður Styrkársdóttir. 2001. *Konur, flokkar og framboð*. Háskólaútgáfan: Reykjavík. Styrkársdóttir,
- <sup>32</sup> Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir. (2009). 5-25.
- <sup>33</sup> Haukar Arnþórsson. (2009).
- <sup>34</sup> Haukar Arnþórsson. (2009).
- <sup>35</sup> Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir. (2009).
- <sup>36</sup> Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir. (2009).
- <sup>37</sup> Inter-Parliamentary Union. (2018). Annual Report 2018/2019.  
<https://www.ipu.org/resources/publications/about-ipu/2019-03/annual-report-activities-inter-parliamentary-union-2018>
- <sup>38</sup> Athugasemd við drög að nefndaráli og breytingartillögum stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis vegna frumvarps til kosningalaga. (2021, 27.maí). Kvenréttindafélag Íslands.  
<https://kvenrettindafelag.is/athugasemd-vid-drog-ad-nefndaraliti-og-breytingartillogum-stjornskipunar-og-efirlitsnefnd-althingis-vegna-frumvarps-til-kosningalaga/>
- <sup>39</sup> Inter-Parliamentary Union. (2018).
- <sup>40</sup> Lög um þingsköp Alþingis nr. 55/1991 með áorðnum breytingum 42/2021
- <sup>41</sup> Þórdís Arnljótsdóttir. (2021, 15. maí). Alþingi skylt að jafna kynjahlutföll. RÚV.  
<https://www.ruv.is/frett/2021/05/15/althingi-skylt-ad-jafna-kynjahlutfoll>
- <sup>42</sup> Ásta Jóhannsdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir. (2011). Skaðleg karlmennska? Greining á bókinni Mannasiðir Gillz. *Netla*. <http://hdl.handle.net/1946/13697>
- <sup>43</sup> Lynn Weber, Lynn. (1998). A conceptual framework for understanding race, class, gender, and sexuality. *Psychology of Women Quarterly* 22(1), 13-32. <https://doi.org/10.1111/j.1471-6402.1998.tb00139.x>.
- <sup>44</sup> Walby, Sylvia. (1989). Theorising patriarchy. *Sociology*, 23 (2), 213-234.  
<https://doi.org/10.1177/0038038589023002004>
- <sup>45</sup> Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir. 2009. 5-25.
- <sup>46</sup> Paxton, Pamela og Kunovich, Sheri.(2003). Women's political representation: The importance of ideology. *Social forces*, 82(1) : 87-113.<https://doi.org/10.1353/sof.2003.0105>
- <sup>47</sup> Sigríður Matthíasdóttir. (2008). Karlar og viðhorf þeirra til kvenréttinda á Íslandi um aldamótin 1900. *Ritið*, 8(1), 33–61..
- <sup>48</sup> Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. (2014). Mín eigin orð. Samfylkingin.
- <sup>49</sup> Bourque, Susan C. og Grossholtz, Jean. (1974). Politics an Unnatural Practice: Political Science Looks at Female Participation. *Politics & Society*, 4(2), 225–266.  
<https://doi.org/10.1177/003232927400400205>
- <sup>50</sup> Guðný Gústafsdóttir, Sigríður Matthíasdóttir, and Þorgerður Einarsdóttir. (2010) The Development of Icelandic Womanhood at the Turn of Two Centuries. From Motherly Nature to Sex Appeal.

- Í Silja Bára Ómarsdóttir (ritstj.) Þjóðarspegilinn 2010: Rannsóknir í félagsvísindum XI: félag- og mannvísindadeild. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010. (bls 1-9). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. [Http://hdl.handle.net/1946/6729](http://hdl.handle.net/1946/6729).
- <sup>51</sup> Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir. (2009). 5-25.
- <sup>52</sup> Kolbeinn H, Stefánsson. (2008). Samspil vinnu og heimilis: Álag og árekstrar. Rannsóknarstöð þjóðmála: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- <sup>53</sup> Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Laufey Axelsdóttir, Sunna Diðriksdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2015). Konur og Karlar í forystu atvinnulífs á Íslandi. Jafnréttisstofa. [https://www.jafnretti.is/static/files/Jafnr\\_skyrsla\\_heild\\_fyrir\\_net\\_ok.pdf](https://www.jafnretti.is/static/files/Jafnr_skyrsla_heild_fyrir_net_ok.pdf)
- <sup>54</sup> McCombs, Maxwell. (2004). *Setting the Agenda: The mass media and public opinion*. Polity Press.
- <sup>55</sup> Fourth World Conference on Women  
Beijing Declaration. (e.d). United Nations.  
<https://www.un.org/womenwatch/daw/beijing/platform/declar.htm>
- <sup>56</sup> Valgerður Jóhannsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2015). Gender Bias in the Media: The Case of Iceland. *Stjórnmal Og Stjórnsýsla*, 11(2), 207-230. <https://www.proquest.com/scholarly-journals/gender-bias-media-case-iceland/docview/1752862035/se-2>
- <sup>57</sup> Valgerður Jóhannsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2015). 207-230.
- <sup>58</sup> Eygló Árnadóttir, Valgerður Anna Jóhannsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2010) Konur og karlar í fjölmiðlum. Ísland í alþjóðlegri fjölmiðlavöktun. Í Helga Ólafs og Hulda Proppé (ritstjórar), Rannsóknir í félagsvísindum XI: félag- og mannvísindadeild: erindi flutt á ráðstefnu í október 2010. (bls 35-45). Reykjavík Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
- <sup>59</sup> Menntamálaráðuneytið. (2002). Álit og tillögur nefnar um konur og fjölmiðla.  
[https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/6120/konur\\_fjolmidlar.pdf?sequence=1/](https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/6120/konur_fjolmidlar.pdf?sequence=1/)
- <sup>60</sup> Menntamálaráðuneytið. (2005) Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla.  
<https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/fjolmidlanefnd.pdf>
- <sup>61</sup> Velferðarráðuneytið. (2018). Skýrsla félags- og jafnréttismálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála 2015-2017. [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/VEL/Sk%c3%bdrsla\\_jafnr%c3%a9ttism%c3%a1l\\_07032018\\_Loka.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/VEL/Sk%c3%bdrsla_jafnr%c3%a9ttism%c3%a1l_07032018_Loka.pdf)
- <sup>62</sup> Rósa Guðrún Erlingsdóttir. (2015) Viðmælendur í fréttum og völdum umræðuþáttum fjölmiðla: Niðurstöður könnunar velferðarráðuneytsins og Fjölmiðlavaktarinnar. Erindi flutt á Jafnréttisþingi í nóvember 2015. [https://stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/frettatengt2015/Vidmaelendur\\_kynning\\_rosaerlings.pdf](https://stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/frettatengt2015/Vidmaelendur_kynning_rosaerlings.pdf)
- <sup>63</sup> Lög um fjölmiðla nr.38/2011 og lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr.150/2020
- <sup>64</sup> Haraldsson, Amanda og Wängnerud, Lena. (2019). The effect of media sexism on women's political ambition: evidence from a worldwide study. *Feminist Media Studies*, 19(4), 525-  
<https://doi.org/10.1080/14680777.2018.1468797>
- <sup>65</sup> Shreeves, Rosamund og Boland, Nessa. (2021) Women in politics in the EU: State of play. European Parliament. [https://www.europarl.europa.eu/RegData/etudes/BRIE/2021/689345/EPRS\\_BRI\(2021\)689345\\_EN.pdf](https://www.europarl.europa.eu/RegData/etudes/BRIE/2021/689345/EPRS_BRI(2021)689345_EN.pdf)

- 
- <sup>66</sup> María H. Marinósdóttir og Viktoría Rut Smáradóttir. (2008). Birtingarmyndir kynjanna: er kynjaslagsíða í dagblöðum?. (B.A. ritgerð). Háskólinn á Akureyri, félagsvísnda- og lagadeild. <http://hdl.handle.net/1946/1610>
- <sup>67</sup> Anna Lilja Þórisdóttir. (2010). *Dáðleysi kvenna. Eða er öðru um að kenna? Stjórnmalakonur í fjölmiðlum fyrir Alþingiskosningarnar 2009*. (Meistararitgerð). Háskóli Íslands, blaða- og fréttamennska. <http://hdl.handle.net/1946/4491>
- <sup>68</sup> Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2007, 3. maí). *Konur og fjölmiðlar: Kosningabaráttan 2003- II.hluti*. Hugsandi.is. <http://wayback.vefsafn.is/wayback/20081114162630/http://hugsandi.is/articles/konur-og-fjoelmidlar-kosningarbarattan-2003-ii-hluti/>
- <sup>69</sup> Hrafnhildur Ragnarsdótti. (2007).
- <sup>70</sup> Shreeves, Rosamund og Boland, Nessa. (2021).
- <sup>71</sup> Valgerður Jóhannsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2015). Gender Bias in the Media: The Case of Iceland. *Stjórnmal Og Stjórnsýsla*, 11(2), 207-230. <https://www.proquest.com/scholarly-journals/gender-bias-media-case-iceland/docview/1752862035/se-2>
- <sup>72</sup> Velferðarráðuneytið. (2018).
- <sup>73</sup> Shreeves, Rosamund og Boland, Nessa. (2021).
- <sup>74</sup> Walgrave, Stefaan., Soroka, Stuart og Nuytemans, Michiel. (2008). The mass media's political agenda-setting power: A longitudinal analysis of media, parliament, and government in Belgium (1993 to 2000). *Comparative Political Studies*, 41(6), 814-836. <https://doi.org/10.1177/0010414006299098>
- <sup>75</sup> McKenna, Laura. (2007). Getting the word out: Policy bloggers use their soap box to make change. *Review of Policy Research* 24, nr. 3: 209-229.
- <sup>76</sup> Thomas E. Patterson. (2016). Social Media: Advancing Women in Politics. Women In Parliaments Global Forum. [https://www.womeninparliaments.org/wp-content/uploads/2016/10/WIP-Harvard-Facebook-Study\\_Oct2016.pdf](https://www.womeninparliaments.org/wp-content/uploads/2016/10/WIP-Harvard-Facebook-Study_Oct2016.pdf)
- <sup>77</sup> Inter-Parliamentary Union. (2018). Annual Report 2018/2019. <https://www.ipu.org/resources/publications/about-ipu/2019-03/annual-report-activities-inter-parliamentary-union-2018>
- <sup>78</sup> Ásta Snorradóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Guðný Gústafsdóttir, Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir og Margrét Valdimarsdóttir. (2020). Valdbeiting á vinnustað: Rannsókn á algengi og eðli eineltis og áreitni á íslenskum vinnumarkaði. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- <sup>79</sup> Ásta Snorradóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Guðný Gústafsdóttir, Guðný Bergþóra Tryggvadóttir, Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir og Margrét Valdimarsdóttir. (2020).
- <sup>80</sup> Westminster Foundation of Democracy. (2018) *Violence against women in politics: Global Perspectives of a Global Issue*. <https://www.wfd.org/wp-content/uploads/2018/04/Violence-Against-Women-in-Politics-Global-Perspectives-of-a-Global-Issue.pdf>

- <sup>81</sup> Willness, Chelsea. R., Steel, Piers and Lee, Kibeom. (2007). A meta-analysis of the antecedents and consequences of workplace sexual harassment. *Personnel psychology*, 60(1), 127-162. <https://doi.org/10.1111/j.1744-6570.2007.00067.x>
- <sup>82</sup> McLaughlin, Heather., Uggen, Christopher og Blackstone, Amy. (2012). Sexual harassment, workplace authority, and the paradox of power. *American sociological review*, 77(4), 625-647. <https://doi.org/10.1177/0003122412451728>
- <sup>83</sup> Í skugga valdsins #METOO: Sögur frá konum í stjórnámálum. (e.d.) bls. 3 <https://www.mbl.is/media/08/10508.pdf>
- <sup>84</sup> Linda Blöndal. (2021, 12. febrúar) „*Þetta er hörmung*“ -Örlagarík uppstilling Samfylkingar. Fréttablaðið. <https://www.frettabladid.is/frettir/thetta-er-hormung-orlagarik-uppstilling-samfylkingar/>
- <sup>85</sup> Anna Lilja Þórisdóttir. (2021, 11. febrúar) *Varaþingmaður Samfylkingarinnar segir sig úr flokknum*. RÚV. <https://www.ruv.is/frett/2021/02/11/varathingmadur-samfylkingarinnar-segir-sig-ur-flokknum>
- <sup>86</sup> Karítas Ríkharrðsdóttir. (2021, 7. júní). Árangur kvenna áberandi. Mbl.is. [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/06/21/ovissuferdin\\_tokst\\_vel/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/06/21/ovissuferdin_tokst_vel/)
- <sup>87</sup> Óttar Kolbeinsson Proppé. (2021, 15. júní). „*Getur Haraldur Benediktsson ekki keppt við konu án hótana?*“ <https://www.visir.is/g/20212122822d/-getur-haraldur-bene-dikts-son-ekki-keppt-vid-konu-an-hotana-?fbclid=IwAR0Q5Nyi8vf7QtxDTVHyTWwTxodGUFzxC6gDvYo67KAICuOMIUKee3bFfE>
- <sup>88</sup> Óttar Kolbeinsson Proppé. (2021)
- <sup>89</sup> Þórður Snær Júlíusson. (2021, 7. Júní). *Sigurveggarar og taparar í vel heppnuðu prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík*. Kjarninn. <https://kjarninn.is/skyring/sigurveggarar-og-taparar-i-vel-heppnuðu-profkjori-sjalfstaedisflokks-i-reykjavik/>
- <sup>90</sup> Karítas Ríkharrðsdóttir. (2021, 21. júní). Óvissuferðin gekk vel. Mbl.is. [https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/06/21/ovissuferdin\\_tokst\\_vel/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/06/21/ovissuferdin_tokst_vel/)
- <sup>91</sup> *Til hamingju með daginn, konur!* (2021, 19. júní). Píratar. <https://piratar.is/frettir/til-hamingju-med-daginn-konur/>
- <sup>92</sup> Alexander Kristjánsson. (2021, 21. Júní). *Þingkonur Framsóknar bera lítið úr bítum*. RÚV. <https://www.ruv.is/frett/2021/06/21/thingkonur-framsoknar-bera-litid-ur-bytum>
- <sup>93</sup> Jakob Bjarnar. (2021, 16. júlí). *Uppnám innan Miðflokksins eftir að Þorsteinn neitaði að víkja*. Vísir. <https://www.visir.is/g/20212133999d>
- <sup>94</sup> Anna Björg Hjartadóttir. (2021, 18. júní) *Oddvitakjör í Reykjavík suður*. Miðflokkurinn. <https://www.midflokkurinn.is/is/flokkurinn/frettir/oddvitakjor-i-reykjavikurkjordaemi-sudur>
- <sup>95</sup> Þórður Snær Júlíusson. (2021, 28. maí). *Benedikt skekur viðreisn*. Kjarninn. <https://kjarninn.is/skyring/benedikt-skekur-vidreisn/>
- <sup>96</sup> Sylvía Hall. (2021, 29. Maí) Rök uppstillingarnefndarinnar komu á óvart. Vísir. <https://www.visir.is/g/20212115966d>

- <sup>97</sup> Þorvarður Pálsson. (2021, 11. september). Yfirkjörnstjórn hafnaði Ábyrgari framtíð í Suðurkjördæmi. Fréttablaðið. <https://www.frettabladid.is/frettir/abyrg-framtid-bydur-ekki-fram-i-sudurkjordaemi/>
- <sup>98</sup> Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020
- <sup>99</sup> Lög um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019
- <sup>100</sup> Haukur Arnþórsson. (2019).
- <sup>101</sup> European Parliament. Women in Politics in the EU, state of play. ([https://www.europarl.europa.eu/RegData/etudes/BRIE/2021/689345/EPRS\\_BRI\(2021\)68934\\_5\\_EN.pdf](https://www.europarl.europa.eu/RegData/etudes/BRIE/2021/689345/EPRS_BRI(2021)68934_5_EN.pdf))
- <sup>102</sup> Shreeves, Rosamund og Boland, Nessa. (2021)
- <sup>103</sup> Sigurveig H. Sigurðardóttir og Ásta Snorradóttir. (2020). Older Women's Experiences in the Icelandic Workforce—Positive or Negative?. *Nordic Journal of Working Life Studies*, 10(4). <https://doi.org/10.18291/njwls.122142>
- <sup>104</sup> *Minni kosningabáttaka ungra kjósenda.* (2022, 6. Janúar) Hagstofa Íslands. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/kosningar/althingiskosningar-25-september-2021/>
- <sup>105</sup> Haukur Arnþórsson. (2019).
- <sup>106</sup> Haukur Arnþórsson. (2019).
- <sup>107</sup> Lovísa Arnardóttir. (2021, 27. september). *Metfjöldi opinberlega hinsegin þingmanna.* Fréttablaðið. <https://www.frettabladid.is/frettir/metfjoldi-opinberlega-hinsegin-thingmanna/>
- <sup>108</sup> *Alþingiskosningar 2021.* (e.d.) Samtökin'78. <https://samtokin78.is/x21>
- <sup>109</sup> Hjördís Rut Sigurjónsdóttir. (2021, 9. september). *Stór hluti vinnumarkðar raddlaus í þingkosningum.* RÚV. [https://www.ruv.is/frett/2021/09/09/stor-hluti-vinnumarkadar-raddlaus-i-thingkosningum?fbclid=IwAR3As0bhoyBecq9js6BJkHS1MHgeFONS2BiM8YC5QIQYPHYUnfnYe\\_xwbNk](https://www.ruv.is/frett/2021/09/09/stor-hluti-vinnumarkadar-raddlaus-i-thingkosningum?fbclid=IwAR3As0bhoyBecq9js6BJkHS1MHgeFONS2BiM8YC5QIQYPHYUnfnYe_xwbNk)
- <sup>110</sup> Hallur Már. (2011, 3. nóvember) Fyrst erlend kvenna á þing. Mbl.is. <https://www.mbl.is/frettir/innlent/2011/11/03/fyrst-erlendra-kvenna-a-thing/>.
- <sup>111</sup> ([https://www.dv.is/fokus/folk/2018/09/03/fyrsti-innflytjandinn-thingi-verdur-jafn-framt-sa-fyrsti-trans-og-kynsegin/?fbclid=IwAR1a6wg5cKOPuVjCAej2nwRLuv4dcKOMyUKNBli25Y\\_rqNbXpcH-FaNlpI](https://www.dv.is/fokus/folk/2018/09/03/fyrsti-innflytjandinn-thingi-verdur-jafn-framt-sa-fyrsti-trans-og-kynsegin/?fbclid=IwAR1a6wg5cKOPuVjCAej2nwRLuv4dcKOMyUKNBli25Y_rqNbXpcH-FaNlpI))
- <sup>112</sup> Kristinn H. Guðnason. (2018, 3. september). *Fyrsti innflytjandinn á þingi verður jafnframt sá fyrsti trans og kynsegin.* DV. <https://www.dv.is/fokus/folk/2018/09/03/fyrsti-innflytjandinn-thingi-verdur-jafn-framt-sa-fyrsti-trans-og-kynsegin/>
- <sup>113</sup> Lenya Rún Taha Karim. (2021, 2. September) *Rasismi gegn Íslendingum.* Vísir. <https://www.visir.is/g/20212150246d/rasismi-gegn-islendingum>
- <sup>114</sup> Westminster Foundation of Democracy. (2018) *Violence against women in politics: Global Perspectives of a Global Issue.* <https://www.wfd.org/wp-content/uploads/2018/04/Violence-Against-Women-in-Politics-Global-Perspectives-of-a-Global-Issue.pdf>

---

<sup>115</sup> Rögnvaldur Már Helgason. (2015, 15. September). *Freyja segir Alþingi ekki vera fyrir alla*. Ruv.

<https://www.ruv.is/frett/freyja-segir-althingi-ekki-vera-fyrir-alla>

<sup>116</sup> Öryrkjabandalagið. (2018, 2. desember). *Hatrið má ekki sigra..*

<https://www.obi.is/is/moya/news/hatrid-ma-ekki-sigra>

<sup>117</sup> Gabríel Benjamín. (2021, 30. júlí). *Bára undirbýr framboð sem fulltrúi fatlaðs fólks á þingi*.

Stundin. <https://stundin.is/grein/13325/>